



SKOÐUN Guðmundur Andri Thorsson skrifar um þorra-blót. **13**



TÍMAMÓT Fyrsti stórmestari Íslendinga í skák er átt-ræður í dag. **14**



LÍFID Eskfirðingur bauð ferðamönnum heim í verk-efninu Meet the Locals. **26**



SPORT Spáir öruggum sigri danska liðsins gegn strák-unum okkar. **24**

STÓRA ÚTSALAN
YFIR 1000 VÖRUR Á MÖGNUM TILBOÐI!
20-70% afsláttur!

byggtogbúið
KRINGLUNNI • Sími 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
26. janúar 2015
21. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Aftakaveður á landinu

Aflýsa þurfti öllu innanlandsflugi og seinka millilandaflugi vegna stormsins sem gekk yfir landið í gær. Um 150 manns urðu strandglópar í Staðarskála þar sem Holtavörðuheiðin var lokuð. **6**

Segist hafa verið hafnað vegna kyns Guðbjörg Perla Jónsdóttir segir mannauðsstjóra Elkem á Íslandi hafi synjað atvinnuumsókn hennar vegna þess að starfið hentaði ekki konum. **2**

Vilja slíta samstarfi við Reykjanesbæ Reykjanesbær vill verða leiðandi sveitarfélag á Suðurnesjum í málefnum fatlaðra. Hin sveitarfélögin eru ósátt við það og hafa farið fram á að losna úr samstarfinu. **4**

Vilja stofna fyrirtæki sem sinnir alþjóðlegri ráðgjöf

Að frumkvæði Íslenska sjávarklasans er unnið með hugmyndir um að stofna fyrirtæki í alþjóðlegri ráðgjöf á sviði haf- og sjávarútvegsmála. Möguleikar í alþjóðlegri ráðgjöf í haftengdum greinum eru miklir.

NÝSKÖPUN Unnið er með hugmyndir um að stofna öflugt fyrirtæki í alþjóðlegri ráðgjöf til fyrirtækja, stjórnvalda og alþjóðlegra stofnana á sviði haf- og sjávarútvegsmála.

Að frumkvæði Íslenska sjávarklasans komu 25 sérfræðingar úr atvinnulífinu, stjórnslunni og háskólasamfélaginu, sem sérþekkingu hafa á ýmsum sviðum sjávarútvegs, stjórnunar og haf-rannsóknna, saman á miðvikudag þar sem hugmyndir um ráðgjafarfyrirtækið voru reifaðar.

Niðurstaða fundarins var eindreginn vilji innan hópsins til að halda samtalinu áfram og setja á fót hóp sem vill vinna að fram-

gangi verkefnisins. Lítið er til þess að samstarf af þessu tagi hefur reynst Sjávarklasnum verðmætt á undanförunum árum og hefur þegar getið af sér nokkur samstarfsverkefni fyrirtækja og nokkur öflug nýsköpunarfyrirtæki.

Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Sjávarklasans, telur það óumdeilt að Íslendingar hafi getið sér gott orð víða um heim á sviðum haf- og sjávarútvegsmála. Hugmyndin sé að byggja á þessu orðspori og sérþekkingu fjölda íslenskra sérfræðinga.

„Þetta hefur verið í burðarliðnum um tíma, því það er svo stór hópur hér innanlands sem býr yfir þekk-

ingu og reynslu á heimsmælikvarða á ýmsum sviðum sjávarútvegs – hvort sem það er fiskveiðistjórnun, rannsóknir, matvælaþróun til viðbótar við veiðar og vinnslu. Kortlagning okkar sýndi 40 manna hóp sem þegar hefur helgað sig alþjóðlegri ráðgjöf á þessu sviði og hugmynd okkar var að þessi hópur gæti unnið saman með skilvirkari hætti,“ segir Þór og bætir við að ekkert sé enn í hendi. Opinberar stofnanir, Hafrannsóknastofnun, Mátis og háskólarnir til dæmis, gætu síðan tengst starfsemi fyrirtækisins beint og óbeint, verði opnað á slíkt samstarf, til að nýta sína sérþekkingu með þessum hætti.



„Norðmenn hafa metið það sem svo að vöxtur í ráðgjafarstarfsemi í haftengdum greinum, bæði í sjávarútvegi, fiskeldi og olíu, geti verið gríðarlegir á næstu tíu til fimmtán árum. Þetta er því góður tímunktur núna.“

Þór Sigfússon, Sjávarklasnum.




Bolungarvík	-1°	VSV 13
Akureyri	-3°	SV 13
Egilsstaðir	-4°	V 8
Kirkjubæjarkl.	-2°	V 7
Reykjavík	1°	VSV 7

HLÝNAR Í dag verða vestan 8-15 m/s og stöku él en suðvestanátt með slyddu og rigningu S- og V-til síðdegis. Hiti víða í kringum frostmark en heldur hlýnandi síðdegis. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Rekstrarráðgjöf | Fólk

FÓLK
REKSTRARRÁÐGJÖF
FASTEIGNIR
LANDMARK



REYKJAVÍKURLEIKARNIR Danskeppni Reykjavíkurleikanna fór fram í Laugardalshöll um helgina. „Það hefur gengið alveg rosalega vel. Við erum svo glöð og ánægð,“ segir Ástríður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Dansþróttasambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjármunirnir verði nýttir vel: Kalla eftir nýrri greiningarstöð

VELFERÐARMÁL Talskona Rótarinnar, félags um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda, vill að hið opinbera skoði betur hvernig fjármunum er varið í meðferðarmál.

„Við myndum vilja sjá að það væri sérstök innlagna- eða greiningarmiðstöð sem væri rekin af ríkinu eða óháðum aðila. Þar myndi fólk fá greiningu á því hvernig meðferð það þarf. Ekki eins og það er núna að hagsmunaaðili, sem hefur rekstrarhagsmuni af því að fá sem flesta sjúklinga, greini vandann og meti,“ segir Kristín I. Pálsdóttir.



KRISTÍN I. PÁLSDÓTTIR sjá síðu 8 / - vlt

Íbúfen®
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Actavis

Leiðtogi SYRIZA vill lækka skuldir Grikklands og snúa af braut niðurskurðar: SYRIZA boðar nýtt upphaf

GRIKKLAND, AP „Við munum berjast í sameiningu til þess að endurbyggja landið á nýjum grunni réttlætis,“ sagði Alexis Tsipras, leiðtogi SYRIZA, í gærkvöldi.

Þingskosningar fóru fram í Grikklandi í gær.

Talningu atkvæða var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun, en samkvæmt útgönguspám átti SYRIZA að fá um 150 af 300 þingsætum.

Tsipras vill að Grikkir snúi af braut niðurskurðar og endursamið verði um gífurlegar skuldir ríkisins.

Djúp efnahagskreppa hefur verið í landinu síðustu ár. Gríska ríkið skuldar 175 prósent af landsframléiðslu. Atvinnuleysi

er 25 prósent og laun þeirra sem hafa vinnu hafa lækkað um 30 prósent.

Antonis Samaras, fráfarandi forsætisráðherra Grikklands, sagði í gær að hann hefði tekið við stjórnartaumunum í afar erfiðri stöðu árið 2012 og hefði lagt grunninn að því að koma Grikkjum út úr kreppunni. Hann sagði að gríska þjóðin hefði kveðið upp dóm sinn og hann virti niðurstöðuna.

Hugmyndir SYRIZA hafa mætt mikilli andstöðu meðal forsvarsmanna Evrópusambandsins.

Þeir óttast að fleiri skuldsett ríki sambandsins fylgi forðæmi Grikkja og fari fram á lækkun skulda.



„Við munum berjast í sameiningu til þess að endurbyggja landið á nýjum grunni réttlætis. Í dag eru engir sigurvegarar eða sigraðir. Ef einhver sigraði í dag, þá er það Grikkland.“

Alexis Tsipras, leiðtogi SYRIZA.

Q10 plus

NIVEA

SPURNING DAGSINS



Sigurjón, eruð þið búnir að yfirtaka Siglufjörð?

Já, þetta er svokölluð vinsamleg yfirtaka.

Hátt í 70 manna hópur kvikmyndagerðarmanna og leikara er kominn til Siglufjarðar til að taka upp sjónvarpsþáttaröðina Ófærð.

Tvíburasysturnar Þórunn og Sonja eru með sjaldgæfan litningagalla:

Systurnar standa enn í ströngu

FÓLK „Það er verið að reyna finna lyf sem hentar Þórunni en það er ekkert að ganga frekar en síðustu sex mánuði,“ segir Kristbjörg Kristjánsdóttir, móðir eineggja tvíburasysturanna Þórunnar Bjargar og Sonju Óskar sem á síðasta ári greindust með sjaldgæfan litningagalla.

Fréttablaðið sagði sögu systuranna í lok síðasta árs. Þær eru nú ára gamlar en önnur þeirra greindist með litningagallann Ring chromosome 20 syndrome í

júní en hin í ágúst. Sjúkdómurinn lýsir sér með miklum flogaköstum en einnig hefur atferli þeirra gjörbreyst.

Systurnar hafa þurft að vera mikið á spítala vegna veikinda sinna og núna er Þórunn á Barnaspítala Hringingsins vegna mikilla floga.

„Hún er farin að blána oft vegna súrefnisskorts,“ segir Kristbjörg en náð er fylgst með henni á spítalanum. Verið er að vinna að því að finna lyf sem

henta henni betur en það hefur ekki gengið jafn vel og hjá Sonju systur hennar þar sem sömu lyfin virðast ekki virka eins á þær.

„Við erum að bíða eftir sneiðmyndatöku. Vegna lyfjabreytinga hjá henni er hún að mestu bundin við hjólastól því hún er mikið lyfjuð og fæturnir gefa eftir,“ segir Kristbjörg.

Þórunn er á sex lyfjum núna en vonir eru bundnar við að lyf, sem hún byrjaði nýlega, á muni virka.

-vh



SONJA ÓSK OG ÞÓRUNN BJÖRG Systurnar voru báðar greindar með litningagalla. FRÉTTABLAÐIÐ/ADSEND MYND

Gengið fram hjá grámyglulegum sjónum



Á GÖNGU Það var leiðindaveður í gær og margir kusu að vera heima með góða bók. Það átti þó ekki við um þennan mann sem fékk sér göngu við Ánanaust. Til þess að eiga minningar frá göngunni hafði hann meðferðis svokallaða sjálfustöng, svo hann gæti tekið gönguna upp á myndskleid með símanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Segir að Elkem hafi ekki viljað konu

Guðbjörg Perla Jónsdóttir sótti um vinnu hjá Elkem Íslandi. Hún segir mannaútsjóra fyrirtækisins hafa synjað umsókninni og sagt henni að starfið hentaði ekki konum. Mannauðsstjóri segist hafa komist klaufalega að orði.

ATVINNA „Mannaútsjórinn sagði við mig að þetta væri ekki starf sem hentaði konum,“ segir Guðbjörg Perla Jónsdóttir sem síðasta vetur ákvað að sækja um vinnu hjá Elkem Íslandi.

„Ég sótti um framtíðarstarf hjá fyrirtækinu og fékk synjun um tímabundið starf. Ég var viss um að einhver misskilningur hefði orðið svo ég ákvað að hringja í mannaútsjórann og þá sagði hún mér að þetta starf hentaði ekki konum.“

Hún bætir því við að góð meðmæli hafi fylgt umsókninni en við nánari eftirgrenslnan hafi komið í ljós að þau voru ekki könnuð. „Ég var með meðmæli víða úr framleiðslunni, frá þremur liðsstjórum skautsmiðju og vaktstjóra. Þeir sögðu mér að ekki hefði verið haft samband við þá. Þá var einnig gerð grein fyrir getu minni í verksmiðjuvinnu en er mikil. Ekkert af þessu var athugað,“ staðhæfir Guðbjörg Perla og ítrekar að ekki sé um mat eða ályktun að ræða. Orð mannaútsjórans hafi verið skýr.

Þóra Ásgeirsdóttir, mannaútsjóri Elkem, segist ekki muna nákvæmlega orðaskipti sín við Guðbjörgu Perlu. „Við metum umsóknir með tilliti til reynslu og hæfni. Kannski hef ég orðað þetta klaufalega en hún hentaði ekki í starfið.“ Forstjóri Elkem, Gestur Pétursson, segist handviss um að um misskilning sé að ræða.

„Hún sótti um framtíðarstarf. Við vorum ekki að leita að starfskrafti í framtíðarstarf heldur aðeins í tímabundna stöðu. Við



ERFITT AÐ FÁ VINNU Guðbjörg Perla segir mannaútsjóra hafa sagt sér að starf sem hún sótti um í framleiðslu hentaði ekki konum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON.

auglýsum, síðan fáum við fullt af umsóknum og það er valið úr hverjir fá að fara í viðtal. Eins og með flest störf þá fá ekki allir viðtal sem sækja um. Án þess að vita, af hverju hún fékk ekki viðtal þá dettur mér í hug að sú staðreynd að hún hafi óskað eftir framtíðarstarfi hafi gert það að verkum að hún hentaði ekki. Þær þyrftu að ræða saman um þetta.“

Gestur segir rangt að mismuna eftir kynferði og hefur það að sjónarmiði í rekstri fyrirtækisins. „Það að mismuna fólki eftir kyni er ekki rétt. Það er ekki það orðspor sem við viljum hafa á okkur. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um störf hjá fyrir-

„Ég var viss um að einhver misskilningur hefði orðið svo ég ákvað að hringja í mannaútsjórann og þá sagði hún mér að þetta starf hentaði ekki konum.“

Guðbjörg Perla Jónsdóttir.

tækinu. Blandaðir vinnustaðir eru alltaf betri en kynjaskiptir vinnustaðir. Þú færð meiri dýnamík, framþróun verður meiri og þú færð miklu fjölbreyttari nálgun í öllum málum,“ segir hann.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Sigurliðið fer til Boston:

Sigruðu í fyrsta Hnakkapöninu

MENNTUN Sigurvegarar fyrsta Hnakkapönnsins í Háskólanum í Reykjavík sækja stærstu sjávarútvegssýningu Norður-Ameríku sem fram fer í Boston í mars næstkomandi.

Keppnin fór fram um helgina og höfðu nemendur sólarhring til að setja fram áætlun um hvernig koma má ferskum íslenskum þorsknökku á markað á austurströnd Bandaríkjanna og skapa þar eftirspurn eftir vörunni. Það voru þau Egill Sigurðarson, Heiðrún Ingrid Hlíðberg, Helgi Már Hrafnkelsson, Jóhanna Edwald og Rebekka Rut Gunnarsdóttir sem sigruðu.

-vh

Bjargað úr Reykjavíkurhöfn:

Haldið sofandi í öndunarvél

SLYS Konunni, sem fannst í Reykjavíkurhöfn á sunnudaginn fyrir viku, er enn haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans. Konunni var bjargað úr sjónum um fimmleytið síðdegis á sunnudag fyrir viku eftir að lögreglu barst tilkynning um að bíl hefði verið ekið í höfnina. Talið er að konan hafi verið allt að hálf tíma í sjónum. Í kjölfarið hófst leit lögreglu, slökkviliðs og kafara í höfninni til þess að ganga úr skugga um að ekki hefðu verið fleiri í bílnum. Konan reyndist hafa verið ein í bílnum. Sjónarvottar sögðu skott bílsins hafa verið opið þegar bíllinn fór fram af brúninni.

-vh

Umboðsmaður bendir á að innanríkisráðherra beri að leita sér ráðgjafar:

Skilar minnisblaði í vikunni

STJÓRNSÝSLA Hafsteinn Þór Hauksson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, hyggst senda Ólöfu Nordal innanríkisráðherra minnisblað fyrir vikulokin. Ólöf fól Hafsteini á föstudaginn að fara yfir með hvaða hætti innanríkisráðuneytið gæti brugðist við þeim ábendingum sem sneru að ráðuneytinu og komu fram í álitu umboðsmanns Alþingis vegna samskipta Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, fyrrverandi innanríkisráðherra, og Stefáns Eiríkssonar, fyrrverandi lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu.

Hafsteinn vill ekki tjá sig efnislega um álit umboðsmanns fyrr en hann skilar Ólöfu minnisblaðinu.

Meðal þess sem fram kemur í álitinu er að Hanna Birna hafi ekki getað sýnt fram á að hún hafi fylgt 20. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands, þar sem kveðið er á um skyldu ráðherra til að leita sér ráðgjafar. Umboðsmaður beinir því þeim tilmælum til innanríkisráðherra að gæta þess að þessu atriði verði fylgt.

Þá bendir umboðsmaður á að Hanna Birna hafi ekki veitt sér réttar upplýsingar varðandi máls-



UMBOÐSMAÐUR Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, kynnti þingnefnd niðurstöðu sína á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

atvik. Hann biðlar því til Ólafar Nordal, núverandi innanríkisráðherra, að þess verði framvegis gætt að umboðsmaður fái réttar upplýsingar um þau mál sem hann hefur til athugunar.

-ih

PRÁÐLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR ÚTVÖRÞ
HEYRNARTÖL HLJÓMBORÐ FERÐATÆKI MAGNARAR
SJÓNVÖRÞ REIKNIVÉLAR BÍLMAGNARAR
ELDAVÉLAR
ÍSSKÁPAR
ÞVOTTAVÉLAR
OFNAR

RISA ÚTSALA

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

ENGIN VÖRUGJÖLD!

Sjá úrvalið á ht.is

Heimilistæki www.ht.is

7 VERSLANIR UM LAND ALLT
AKRANES • AKUREYRI • HÚSAVÍK • EGILSSTAÐIR • SELFÖSS • REYKJANESBÆR • REYKJAVÍK



**Vertu með okkur
á facebook:
Suzuki á Íslandi**



Way of Life!



SUZUKI 4WD

Lækkað verð

**Suzuki bílar hf. hafa lækkað verð á öllum nýjum bílum.
Komdu og reynsluaktu nýjan hágæða Suzuki 4x4.**



SUZUKI SWIFT 4x4


Stór, rúmgóður með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.

Swift 4x4 er til beinskiptur í GL og GLX gerðum.
Verð frá 3.020 þús. Meðaleyðsla 5.5L/100 km



**S-CROSS: Nýstárleg hönnun með sérlega rúmgott farþega-
og farangursrými. Sparneytnar vélar, aksturseiginleikar í
sérflokki auk rikulegs staðalbúnaðar.
S-CROSS er einstakur í sínum flokki!**

VERÐ: fjórhjóladrifinn frá kr. 4.410 þús.
Meðaleyðsla í blönduðum akstri frá 4,6 L/100 km.



SUZUKI GRAND VITARA

Táknmynd áreiðanleikans!

Með öflugri og sparneytinni 2.4L 169 hö/vél.
Alvöru jeppi með hátt og lágt drif. Skynsamleg kaup,
hagkvæmur rekstur. Verð frá 5.520 þús.,
beinskiptur. Meðaleyðsla 8.8L/100 km



**Upplifðu einstaka aksturseiginleika Jimny.
Fæst beinskiptur og sjálfskiptur.**

Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur
sannað sig við íslenskar aðstæður. Algjör sparibaukur.
Verð frá kr. 3.490 þús. Meðaleyðsla frá 7,1/100km, beinskiptur.



**Kizashi er fjórhjóladrifinn sjálfskiptur
fólksbílur í millistærðarflokki.
Vandaður og með frábæra aksturseiginleika.
Bíll sem keppir við þá bestu!**
2,4L vél. Verð 5.690 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km



SUZUKI - FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

SVONA ERUM VIÐ



80,8% grunnskólanna lærðu erlent tungumál skólaárið 2013-2014 og hafa ekki verið fleiri síðan gagnasöfnun hófst skólaárið 1999-2000.

Áhyggjur veitingamanna af því hvort drukknir gestir skemmtistaða myndu pin-númer reyndust óþarfar: Vel hefur gengið hjá fólki að muna pinnið

VERSLUN „Þetta gekk alveg eins og í sögu,“ segir Össur Hafþórsson kráareigandi um hvernig gestum skemmtistaða hafi gengið að muna pin-númerin sín um helgina.

Össur og eigendur annarra skemmtistaða höfðu lýst yfir áhyggjum sínum af því að ekki væri lengur hægt að yta á græna takkann á posum ef pinnið gleymdist. Drukknir skemmtistaðagestir gætu því átt í vandræðum með pin-númerin.

„Þetta voru óþarfa áhyggjur veitingamanna. Fólk var hálfmeðvitundarlaust en gat samt gert þetta,“ segir Össur sem á Krárnar Park, Bar 11 og Bar 7.

Svava Johansen, sem rekur sextán verslanir á höfuðborgarsvæðinu, segir að hennar viðskiptavinum hafi gengið vel að muna sín pin-númer. „Það hefur ekki verið neitt vesen hjá okkur. Fólk á náttúrulega að vita þetta. Það er búið að gefa langan aðlögunartíma,“ segir Svava.

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segist ekki vita til þess að kvartanir hafi borist frá hennar félagsmönnum vegna breytinganna. Öryrkjabandalagið hafði lýst yfir áhyggjum af því að sumir félagsmenn gætu ættu erfitt með að muna pin-númer. Kvartanir gætu þó borist í vikunni enda sé stutt síðan breytingarnar tóku gildi.



Á BARNUM Fólki gekk vel að muna pinnið að sögn kráareiganda. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



UNDIRRITUÐU SAMNING Árni Stef- ánsón, forstjóri Vífilfells, og Guðrún Kristmundsdóttir, annar eigenda Bæjar- ins beztu pylsna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÁÐSEND MYND

Sömdu við Vífilfell til 2020: Fleiri staðir á teikniborðinu

VIÐSKIPTI Bæjarins beztu pylsur hafa samið við Vífilfell til ársins 2020 um sölu drykkjarfanga frá fyrirtækinu. Í tilkynningu frá fyrirtækinu vegna þessa segir að Bæjarins beztu séu nú á fimm stöðum en á teikniborðinu sé að opna fleiri staði.

Bæjarins beztu pylsur er eitt elsta fyrirtækið í miðborg Reykjavíkur og fagnar 78 ára afmæli í ár. Fyrirtækið er sannkallað fjöl- skyldufyrirtæki því það hefur frá upphafi verið í eigu sömu fjöl- skyldunnar og hafa fjórir ættliðir pylsusala starfað þar.

Var talinn vera fótbrottinn: Sóttu slasaðan við Lambafell

BJÖRGUN Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út á laugardag til þess að aðstoða við að flytja mann sem var talinn fótbrottinn við Lambafell. Þyrlan var við æfingar á Sandskeiði með undanföllum Slysavarnafélagsins Landsbjargar þegar óskað var eftir aðstoð. Ákveðið var að björgunarsveitarmenn færu með þyrlunni í útkallið. Lent var við slystað kl. 13:40 og var búið um meiðsli mannsins. Hann var síðan fluttur um borð í þyrluna.

Lent var við flugskýli Landhelgisgæslunnar þar sem sjúkra- bíll beið og flutti manninn á Landspítalann.

Fjögur sveitarfélög vilja slíta samstarfi við Reykjanesbæ

Reykjanesbær vill verða leiðandi sveitarfélag á Suðurnesjum í málefnum fatlaðra. Hin sveitarfélögin sætta sig ekki við það og hafa farið fram á að losna út úr samstarfinu. Velferðarráðuneytið hafnaði beiðni þeirra.

SVEITARSTJÓRNARMÁL Garður, Vogar, Sandgerði og Grindavík vilja slíta samstarfi við Reykjanesbæ um málefni fatlaðra. Velferðarráðuneytið heimilar sveitarfélögunum það ekki því þar búa færri en átta þúsund íbúar. Sveitarfélögin uppfylla því ekki ákvæði laga um lágmarks- fjölda íbúa á einu þjónustusvæði fyrir fatlaða. Ráðuneytið segir þó að lögunum verði mögulega breytt í kjölfar þess að endurmati á mála- flokknum ljúki í vor.

Við endurnýjun þjónustusam- nings um málefni fatlaðra sem átti að renna út um áramótin fór Reykja- nesbær fram á að verða leiðandi sveitarfélag eða sjá um málaflokkinn einn. Ef Reykjanesbær yrði leið- andi sveitarfélag myndi bærinn fá fjármagn frá hinum sveitarfélög- unum og sjá um þjónustu við fatla- ða fyrir þau.

Anna Lóa Ólafsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, segir ástæðu þess að Reykjanesbær vilji verða leiðandi sveitarfélag þá að samstarfið í núverandi mynd hafi ekki gengið sem skyldi. „Það ætluðu allir að vera að vasast í þessu og það gekk aldrei upp,“ segir Anna Lóa.

Hin sveitarfélögin fjögur vildu ekki sætta sig við forystu Reykja- nesbæjar í málaflokknum. „Við værum að framselja talsvert mikið vald á þjónustu við okkar íbúa og hefðum ekkert um þjónustuna að segja nema í einhverju samráði,“ segir Róbert Ragnarsson, bæjar- stjóri Grindavíkur.

Grindvíkingar vilja fá að sjá um þjónustu við fatlaða sjálfir en Vogar, Garður og Sandgerði stefna að því að verða eitt þjónustusvæði. Róbert á ekki von á því að notendur þjón- ustunnar myndu finna mikið fyrir



REYKJANESBÆR Anna Lóa Ólafsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, segir samstarf í málefnum fatlaðra ekki hafa gengið sem skyldi í núverandi mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

breytingunni ef þjónustu- svæðið yrði brotið upp. Nú sé félagsþjónusta rekin sér- staklega í Grindavík sem og sameiginlega í Vogum, Garði og Sandgerði. „Við eigum frekar von á því að við getum nýtt kosti smæð- arinnar,“ segir hann.

Þá segir Róbert engin gild rök fyrir því að svæði með færri en átta þúsund íbúum geti ekki sinnt þjónustu við fatlaða.



RÓBERT RAGNARSSON

Lágmarkið hafi verið miðað við íbúafjölda á Vestfjörð- um í kringum aldamótin en Vestfirðir hafi þá verið fámennasta þjónustusvæðið fyrir fatlaða.

Sveitarfélögin fjög- ur munu funda með sam- ráðsnefnd velferðar- ráðuneytisins um málefni fatlaðs fólks á næstunni þar sem farið verður yfir málið.



„Það ætluðu allir að vera að vasast í þessu og það gekk aldrei upp“

Anna Lóa Ólafsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar.

Lyfjaauglýsing

20% afsláttur

Allar stærðir og styrkleikar Gildir til 31. Janúar

Lyf & heilsa við hlustum!

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 16°	Friedrichshafen 1°	New York -1°
Áþena 15°	Gautaborg 3°	Orlando 18°
Basel 6°	Kaupmannahöfn 3°	Ósló 3°
Berlín 4°	Las Palmas 21°	París 9°
Billund 5°	London 10°	San Francisco 16°
Frankfurt 4°	Mallorca 16°	Stokkhólmur 2°

Á MORGUN 5-10 m/s.

MÍÐVIKUDAGUR Hvasst á Vestfjörðum, annars hæg breytileg.

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

RIGNING EÐA SLYDDA um sunnan- og vestanvert landið síðdegis og hlýnar heldur í veðri um tíma. Nokkuð rólegt veður á morgun með skúrum og éljum vestan til á landinu og kólnar aftur til miðvikudags.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFTI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrnann Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnurut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



600.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 8.490.000 kr.

Volvo XC90 Momentum D5 AWD EYG10
Skráður apríl 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 69.000 km.
Ásett verð: 9.090.000 kr.



900.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.990.000 kr.

Mercedes Benz E-Class 200 MAE68
Skráður október 2008, 1,8i bensín/metan, sjálfsk.
Ekinn 138.000 km.
Ásett verð: 3.890.000 kr.



240.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 7.350.000 kr.

Volvo XC60 Summum D4 AWD KGK91
Skráður maí 2014, 2,4TDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 36.000 km.
Ásett verð: 7.590.000 kr. Í ábyrgð



440.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.690.000 kr.

Ford Kuga Titanium S PHG38
Skráður desember 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfsk.
Ekinn 85.000 km.
Ásett verð: 4.130.000 kr.

NOTAÐIR BÍLAR

MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.890.000 kr.

Ford Focus Trend Collection OEM72
Skráður maí 2011, 1,6TDCi, dísil, beinskíptur.
Ekinn: 68.000 km.
Ásett verð: 2.090.000 kr.



150.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.340.000 kr.

Ford Escape XLT MZ601
Skráður maí 2007, 3,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 126.000 km.
Ásett verð: 1.490.000 kr.

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband
strax!



1.000.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 8.490.000 kr.

Toyota Land Cruiser 4x4 FDM35
Skráður janúar 2012, 3,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 87.000 km.
Ásett verð: 9.490.000 kr.

FINNDU BÍLINN ÞINN



*Skofaðu fleiri
degni hér!*

TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN
ÞINN OG VIÐ GERUM
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.
ENGIN SKULDBINDING

NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrdú ráðgjafa.



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð 1.490.000 kr.

Citroën C3 Seduction Airdream HJF25
Skráður maí 2012, 1,6TDCi dísil, beinskíptur.
Ekinn: 82.000 km.
Ásett verð: 1.690.000 kr.



Verð: 2.570.000 kr.

Ford Mondeo Trend JIN64
Skráður maí 2011, 1,6TDCi, dísil, beinskíptur.
Ekinn 94.000 km



150.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.740.000 kr.

Citroën C3 Seduction LDK77
Skráður maí 2013, 1,4TDCi dísil, beinskíptur.
Ekinn: 54.000 km.
Ásett verð: 1.890.000 kr. Í ábyrgð



140.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.850.000 kr.

Kia Rio Ex IVH19
Skráður apríl 2014, 1,4TDi dísil, beinskíptur.
Ekinn 5.400 km.
Ásett verð: 2.990.000 kr. Í ábyrgð



Verð: 2.390.000 kr.

Mazda2 Premium GVM81
Skráður maí 2014, 1,5i bensín, sjálfskíptur.
Ekinn: 25.000 km.
Í ábyrgð



200.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.690.000 kr.

Suzuki Swift GL YHY78
Skráður maí 2011, 1,3i bensín, beinskíptur.
Ekinn: 60.000 km.
Ásett verð: 1.890.000 kr.



170.000 kr.
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.390.000 kr.

Citroën C4 Comfort SYA28
Skráður febrúar 2014, 1,6TDCi dísil, beinskíptur.
Ekinn: 44.000 km.
Ásett verð: 2.560.000 kr. Í ábyrgð

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara
beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Örugur staður til að vera á

VEISTU SVARID?



1. Hvað vill Hafrannsóknastofnun að loðnukvótinn verði aukinn mikið?
2. Hvað heitir maðurinn sem ber fyrrverandi ríkisstjórn þungum sökum vegna uppgjörs lánasafna gömlu bankanna?
3. Hvað heitir eiginkona Ólafs Stefánssonar handboltamanns?

SVÖR:

1. Um 100 þúsund tonn 2. Víglundur Þorsteinsson 3. Kristín Soffía Þorsteinssdóttir

Fyrrverandi iðnaðarráðherra reynir að bjarga sæluhúsi frá niðurrifi:

Sæluhús á Fagradal verði varðveitt

MENNINGARMÁL „Þeir sem ég hef rætt við eru mér sammála um að mikil eftirsjá væri að húsinu, sem byggt var árið 1940,“ segir Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi iðnaðarráðherra, í bréfi til bæjarstjóra Fljótshálsaþings þar sem óskað er eftir að 75 ára gamalt sæluhús á Fagradal verði ekki rífið.

Björgunarsveitin Hérað sem er eigandi sæluhússins hefur þegar fengið leyfi sveitarfélagsins til að rífa húsið sem er úr sér gengið. „Mér er vel kunnugt um að

umgengni um Kofann hefur verið slæm og hann engan veginn gagnast sem sæluhús eða neyðarskýli. Ég skil vel viðhorf talsmanna björgunarsveita til núverandi ástands Kofans. En þetta mál hefur fleiri hliðar eins og ég heyrir að er sjónarmið ýmissa,“ skrifar Hjörleifur og stungur upp á að ytra byrði sæluhússins verði endurgert og varðveitt til minningar. Ekkert þyrfti að vera inni í húsinu sem mætti vera lokað.

„Við kofann yrði komið fyrir myndarlegum og smekklefum

fræðsluskiltum þar sem saga samgangna um Fagradal frá upphafi 20. aldar til dagsins í dag yrði rakin í máli og myndum,“ stungur Hjörleifur upp á. „Ég hvet eindregið til að Kofinn verði ekki rífinn á næstunni á meðan menn fjalla nánar um möguleika á varðveislu hans sem hluta í heildarmynd þessa staðar við þjóðveginn um Fagradal.“ Bæjarráð tók bréf Hjörleifs fyrir og sagði örlög sæluhússins í höndum björgunarsveitarinnar og hvatti hann til að ræða málið við sveitina.



HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON Leggur til að sæluhús verði ekki rífið heldur nýtt til fræðslu um samgöngur.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



ANNASAMT Lögregla hafði í nógu að snúast aðfaranótt sunnudags.

Erill hjá lögreglu um helgina:

Líkamsárás í Hafnarfirði

LÖGREGLUMÁL Erill var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu aðfaranótt sunnudags. Karlmaður var fluttur með skerta meðvitund á slysideild aðfaranótt sunnudags eftir að hafa orðið fyrir líkamsárás í Hafnarfirði. Árásarmaðurinn var handtekinn.

Annar maður var handtekinn fyrir utan skemmtistað í Kópavogi fyrir að atast í fólki og reyna að fá það til að slást. Maðurinn vildi ekki upplýsa hver hann væri og var vistaður í fangaklefa. Þá barst lögreglu tilkynning um mann á skemmtistað í miðbæ Reykjavíkur sem braut glas og var ógnandi. Þegar lögregla kom tók hann glerbrot í aðra höndina og var ógnandi. Hann neitaði að hlýða fyrir-mælum lögreglu og var piparúða beitt á hann til að yfirbuga hann. Hann var vistaður í fanga-geymslu.

ÍPRÓTTIR

Nýtt merki afhjúpað

Nýtt merki Reykjavíkurskákmoðsins verður frumsýnt í húsnæði verðbréfa-fyrirtækisins GAMMA í dag. Þá munu Gunnar Björnsson, forseti Skáksambands Íslands, og Agnar Tómas Möller, fyrir hönd GAMMA, skrifa undir samstarfssamning til fjögurra ára. Sérstakur heiðursgestur við undirritunina er Friðrik Ólafsson, fyrsti stórmeistari Íslendinga.

Loka þurfti vegum og aflýsa flugi vegna aftakaveðurs

Stormur gekk yfir landið í gær svo aflýsa þurfti öllu innanlandsflugi og seinka millilandaflugi. Um 150 manns urðu strandaglópar í Staðarskála því Holtavörðuheidið var lokað. Nokkur fjöldi virti ekki lokanir á vegum.

VEÐUR Snarvitlaust veður var víðast hvar á landinu í gær. Björgunarsveitir voru að störfum í allan gærdeg. Festa þurfti þakplötur og þakkanta sem fuku á nokkrum stöðum á Suðurnesjum og í Ólafsvík. Þá fuk hjólhýsi á kyrrstæðan bíl við Hæðargarð í Reykjavík. Aðstæðurnar voru einna verstar á Holtavörðuheidi. Þar voru björgunarsveitir kallaðar til vegna flutningabíls og fólksbíls með tengivagn sem fuku út af veginum á heidinni.

Holtavörðuheidið, Bröttubrekku, Öxnadalshéið og Laxárdalsheiði var lokað vegna veðursins og mikillar hálfu. Eins var vegum lokað um Þverárfjall og Vatnsskarð. Færð á fjallvegum um land allt var erfið vegna hálfu og óveðursins.

Öllu innanlandsflugi var aflýst í gær. Millilandaflug til og frá Keflavíkurflugvelli tafðist um nokkrar klukkustundir vegna veðurofsans. Fjöldi farþega sat fastur í flugvélum úti á flugbraut á Keflavíkurflugvelli því ekki var hægt að koma flugvélum að landgöngubrum.

Ólöf Snæhólm, upplýsinga-fulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, segir að sumir hafi hunsað lokunarpósta lögreglu og Vegagerðarinnar og ekið framhjá þeim. „Það er alveg ótrúlegt því það er ekki verið að loka að ástæðulausu,“ segir Ólöf.

Um 150 manns voru veðurteppt í Staðarskála í Hrutafirði vegna ófærðar á Holtavörðuheidi. Mestur varð meðalvindhraðinn á heidinni 31 metri á sekúndu.

Víða á landinu var meðalvind-



ÓVEÐUR Ferðalangar máttu klæða sig vel og vera á góðum skóm til þess að lenda ekki í vandræðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hraði milli 23 og 25 metrar á sekúndu í gær en lægja fór með kvöldinu. Mestur varð vindhraðinn í hviðum 40 metrar á sekúndu á Fróðarheiði að sögn Óla Þórs Árnasonar, veðurfræðings hjá Veðurstofu Íslands.

Óli telur að nokkuð margar djúpar lægðir hafi farið yfir landið á síðustu mánuðum. „Þetta er búið að vera nokkuð viðvarandi það sem af er vetri. En ég held að þetta sé nú ekkert einsdæmi,“

segir hann. Veðrið að undanfögnu hafi að vissu leyti skýrt af veðurfari í Norður-Ameríku að sögn Óla. „Það er búið að vera mjög kalt loft yfir Kanada sem lægðirnar hafa verið að narta í og nota. Það er gífurlega mikið fóður í þessum kulda svo lægðirnar verða oft krappari og öflugri fyrir vikið,“ segir Óli.

Óli bendir á að með kalda loftinu komist suðvestanátt að landinu.

„Þetta er búið að vera nokkuð viðvarandi það sem af er vetri. En ég held að þetta sé nú ekkert einsdæmi.“

Óli Þór Árnason, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

„Þá verða élin oft dimmari en á þessum mildari vetrum sem voru hérna fyrir nokkrum árum,“ segir hann.

ingvar@frettabladid.is



Umbylting í þvotti

Miele hefur sett á markað eigið þvottaefni til að tryggja besta mögulega þvottaárangur á umhverfisvænan hátt.

Um er að ræða þýskt hugvit, hönnun og smíði þar sem fara saman þvottavél með vaxkókumynstri og einstök þvottaefni. Samspil sem tryggir orkusparnað, lengri endingu og bestu mögulegu þvottaummönnun sem völ eru á.

Þetta er það sem við köllum umbyltingu í þvotti.

- ✓ Íslenskt stjórnborð
- ✓ Íslenskar leiðbeiningar

TILBOÐ - Sportlínan
Þvottavél, verð frá kr. 169.900
Þurrkari, verð frá kr. 134.900



Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

VILTU NÝJA ÁSKORUN?

” Námið var fjölbreytt, skemmtilegt og mun án efa nýstast mér vel í framtíðinni. Ég var í fullri vinnu með náminu, en námið var svo vel uppsett að það gekk allt saman upp. Promennt fær fullt hús stíga hjá mér, skólinn er með fyrsta flokks kennara og starfsfólk. Takk fyrir mig.

Sonja G. Ólafsdóttir (Markaðs- og sölunám, 2013)

” Ég var mjög ánægð með námskeiðið Grafísk hönnun hjá Promennt og hefur það nýst mér vel í mínu starfi. Reynsla og þekking kennarans, umfram náms-efnið, var ákaflega nytsamleg og sýndi okkur ferlið frá upphafi myndvinnslu, hönnunar og umbrots til prentunar á mjög skipulagðan og skýran hátt. Ég gef námskeiðinu því mín bestu meðmæli.

Íris Magnúsdóttir, markaðsstjóri Maritech ehf.

www.promennt.is

MARKAÐS- OG SÖLUNÁM • GRAFÍSK HÖNNUN OG VEFSÍÐUGERÐ

Við hjá Promennt bjóðum upp á mikið úrval sérstaklega skemmtilegra og hagnýtra námskeiða í upplýsingatækni. Þeir sem hafa áhuga á markaðs- og sölumálum, grafískri hönnun eða vefsíðugerð ættu ekki að láta þessi námskeið framhjá sér fara.

NÁMSSTYRKIR Í BOÐI

▶ MARKAÐS- OG SÖLUNÁM – hraðferð

MEÐ SÉRSTAKRI ÁHERSLU Á UPPLÝSINGATÆKNI OG STAFRÆNA MARKAÐSSETNINGU

Skemmtilegt en um leið krefjandi einnar annar nám fyrir þá sem vilja afla sér öflugrar þekkingar á sviði markaðs- og sölumála. Hér fléttast saman gamalgróin sölu- og markaðsfræði við nýjustu tækni sem í boði er.

VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

1. Námsstærni með MindManager hugakortsforritinu
2. Tölvu- og upplýsingaleikni – hraðferð (Windows, Outlook, Word, Excel, Powerpoint)
3. Söluáætlun (hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavini)
4. Markaðsfræði (grunnþættir markaðsfræðinnar, vörubrúun, auglýsingatækni, markaðsrannsóknir o.fl.)
5. Markaðssetning á netinu
6. Google Adwords og Google Analytics
7. Facebook sem markaðstæki
8. Verkefnadagar/Lokaverkefni



Hefst: 12. feb. • Lýkur: 28. maí • Tími: Kvöldhópur • Lengd: 156 std. • Verð: 174.000 kr.

▶ STÖK NÁMSKEIÐ

WORDPRESS – VEFURINN MINN	26 std.	39.000 KR.
PHOTOSHOP 2	36 std.	64.000 KR.
PHOTOSHOP FYRIR BYRJENDUR	21 std.	39.000 KR.
DREAMWEAVER HTML OG CSS	52 std.	66.000 KR.
ILLUSTRATOR	36 std.	64.000 KR.
INDESIGN	31 std.	59.000 KR.
FACEBOOK SEM MARKAÐSTÆKI	7 std.	43.000 KR.
GOOGLE ADWORDS	6 std.	39.000 KR.
GOOGLE ANALYTICS	6 std.	39.000 KR.

Skráning fer fram á vefnum okkar www.promennt.is og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

▶ GRAFÍSK HÖNNUN

Sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara hönnunarnámi, t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir. Þátttakendur læra að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF).

Tekin eru fyrir þrjú mest notuðu hönnunarforritin í dag:

- Photoshop (myndvinnsla)
- Illustrator (teikning)
- InDesign (umbrot)

Námskeiðið felst í því að kynna nemendum virkni og uppbyggingu forritanna og að nýta möguleika þeirra til sjálfstæðra vinnubragða. Kennslan byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum. Einnig fá þátttakendur hagnýt verkefni í tengslum við innihald náms.

Hefst: 3. feb. • Tími: 18–21.30 (lau. 9.30–13.00) • Lengd: 105 std. • Verð: 169.000 kr.

▶ VEFSÍÐUGERÐ – allur pakkinn

Sérlega hagnýtt og vandað námskeið fyrir alla sem vilja koma sér upp einfaldri og smekklegrri heimasíðu sem auðvelt er að uppfæra í notendavænu vefumsjónarkerfi. Námskeiðið hentar þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í gerð vefsíðna eða vilja bæta og uppfæra fyrri síður.

Hefst: 9. feb. • Lýkur: 4. maí • Tími: Kvöldhópur • Lengd: 115 std. • Verð: 147.000 kr.



Gæðavottun
fræðsluáðila



Promennt er eini
Microsoft-vottaði
skólinn á Íslandi.



Hjá Promennt er
einnig boðið upp á
fjarkennslu í beinni.



Hjá Promennt er
boðið upp á dag
og kvöldnám.

Svíþjóð og Rúmenía:

Ætla að bæta kjör betlara

SVÍÞJÓÐ Yfirvöld í Svíþjóð og Rúmeníu ætla að hefja samvinnu um að bæta stöðu fátæks Rómáfolks sem fer frá Rúmeníu til Svíþjóðar til þess að betla. Betl er ekki bannað í Svíþjóð og hefur betlum þar fjölgað verulega á undanförunum árum.

Yfirvöld í Rúmeníu hafa sætt harðri gagnrýni Evrópusambandsins fyrir að hafa aðeins nýtt lítinn hluta úr sameiginlegum sjóðum til að styðja við fátækustu íbúa landsins. - ibs

Formaður Starfsgreinasambandsins segir mikla vinnu hafa farið fram fyrir komandi kjaraviðræður:

Starfsgreinasambandið tilbúið með kröfur

ATVINNUMÁL Starfsgreinasambandið hefur lokið við að móta kröfugerð sína fyrir komandi kjarasamninga, og verður hún afhent Samtökum atvinnulífsins í dag.

Formenn aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins kom saman í Reykjavík á fimmtudag þar sem hafist var vanda við að móta kröfugerð SGS fyrir komandi kjarasamninga, en áður höfðu félögin sent sínar eigin kröfugerðir inn til sambandsins.

Samninganefnd SGS hittist svo á löngum fundi í Karphúsinu á föstudag til að leggja lokaþönd á kröfugerðina. Eftir langar umræður samþykkti nefndin samhljóða sameiginlega kröfugerð sem afhent verður Samtökum atvinnulífsins á morgun. Mikill hugur var í fundarmönnum og samstaða ríkjandi. Björn Snæbjörnsson er formaður Starfsgreinasambandsins.

„Félögin hafa verið með alls konar kannanir á fundum úti í

félögunum og svo núna á fimmtudaginn var þá komum við saman og ræddum það sem hafði komið frá félögunum og þannig að það er búin að vera mikil vinna og góð vinna og mikil samstaða,“ segir Björn.

Björn vill ekki tjá sig um innihald kröfugerðarinnar að svo stöddu, en heimildir fréttastofu herma að hún hljóði upp á tugþúsunda króna hækkun lágmarks-launa, sem eru nú 214 þúsund.

- þóþ



TILBÚNIR Björn Snæbjörnsson vill ekki tjá sig um innihald kröfugerðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



TVÖ HÆTT Þetta er annað flugfélagið á skömmum tíma sem hættir flugi til landsins.

Flybe flýgur ekki til landsins: Hætta flugi til Íslands

Flugfélagið Flybe sem síðustu sjö mánuði hefur flogið milli Keflavíkur og Birmingham mun hætta ferðum í lok mars.

Flugfélagið ætlar að einbeita sér að öðrum áfangastöðum og verður Icelandair því eina flugfélagið sem býður upp á flug héðan til næststærstu borgar Bretlands. Þeir sem eiga bókað flug með félaginu fá endurgreitt. Frá þessu er greint á vefnum Túristi.is.

Flybe er annað flugfélagið á skömmum tíma sem hættir flugi til Íslands en belgíska flugfélagið Thomas Cook Airlines tilkynnti í lok síðasta árs að félagið muni ekki fljúga hingað til lands í sumar frá Brussel líkt og það hefur gert síðustu tvö ár.

- sks

Róttin telur meðferðarkerfið vera úrelt að mörgu leyti

Talskona Róttarinnar vill að hið opinbera skoði betur hvernig fjármunum er varið í meðferðarmál. Félagið vill að sérstök greiningarmiðstöð verði sett á laggirnar þar sem ríkið eða óháðir aðilar greini vandann.

VELFERÐARMÁL „Við myndum vilja sjá að það væri sérstök innlagna- eða greiningarmiðstöð sem væri rekin af ríkinu eða óháðum aðila. Þar myndi fólk fá greiningu á því hvernig meðferð það þarf. Ekki eins og það er núna að hagsmunaaðili, sem hefur rekstrarhagmuni af því að fá sem flesta sjúklinga, greini vandann og meti,“ segir Kristín I. Pálsdóttir, talskona Róttarinnar, félags um málefni kvenna með áfengis- og fíknivanda.

Félagið stóð á miðvikudagskvöld fyrir fundi sem þingmenn úr öllum flokkum tóku þátt í þingborðsumræðu. Rætt var um meðferðarúr- ræði og stefnu stjórnvalda í þeim efnum en Róttin hefur talað fyrir breyttum meðferðarúr- ræðum við áfengis- og vímuefnavanda. Meðal annars að meðferð verði kynjaskipt og einstaklingar undir 18 ára aldri séu ekki í meðferð með þeim sem eldri eru. Félagið vill að stjórn- völd skoði betur hvernig fjármun- um er varið í meðferðarúr- ræði og hvernig þjónusta hið opinbera sé að kaupa af einkaaðilum. „Það er ríkið sem borgar fyrir þjónustuna og við erum að þrýsta á að ríkið sé með



KRISTÍN PÁLSDÓTTIR

ákveðna gæða- staðla,“ segir hún. „Við leggjum áherslu á að það þurfi að skapa þekkingarsam- félag í kringum meðferðina. Til dæmis að þeir sem eru að með- höndla þá sem eru skilgreind- ir sjúklingar séu með menntun á háskólastigi. Við teljum að með- ferðarkerfið sé að mörgu leyti mjög úrelt og hvernig peningum er for- gangsráðað til meðferðarmála. Við höfum til dæmis gagnrýnt að allir þurfi að fara í 10 daga innliggjandi afvötnun þó þeir labbi edru inn í meðferð,“ segir hún.

Kristín segir að skoða ætti hvort hægt væri að nýta það fjármagn ríkið setur í þennan málaflokk á annan hátt. Það gæti skilað betri árangri. „Manni finnst afskaplega fornaldrlegt að þau úrræði sem ríkið bjóði upp á sé annars vegar læknisfræðileg úrræði, 12 spora nálgun og svo kristileg. Mér finnst sjálfri þetta nett súrrealískt að sjá



VILJA LÁTA SKOÐA ÚRRÆÐIN Á málþingi Róttarinnar kom fram að margir vildu láta skoða það hvort hægt væri að verja því fjármagni sem fer í málaflokkinn á annan veg.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

þetta á heimasíðu velferðarráðu- neytisins árið 2015.“

Kristín vill meina að vegna rekstrarhagsmuna sé SÁÁ tregt til að senda sjúklinga sína annað.

„Það kom meðal annars fram á fundinum að mjög sjaldan væri vísað frá Vogu yfir í sérstakt úrræði fyrir fólk með tvíþættan

vanda sem er á Teigi. Á málþingi sem Geðhjálp og Olnbogabörn héldu um tvíþættan vanda töluðu fjórar ungar konur sem hafa farið í gegnum meðferðarkerfið. Þeim hafði aldrei verið vísað á þetta úrræði þótt það hefði hentað þeim öllum. Þetta er eitthvað sem þarf að skoða.“ viktorija@frettabladid.is

Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

Beltone First™

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone First™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

Fræðilett fyrir
iPod iPhone iPad

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



GERÐI ATHUGASEMD Álfheiður Ingadóttir krafði Borgarskjalasafnið um leiðréttingu á rangfærslum um föður sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Borgarskjalavörður bað Álfheiði afsökunar: Viðurkenndi mistök

MENNING Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur beðið Álfheiði Ingadóttur, fyrrverandi alþingismann, afsökunar á því að hafa haldið fram á vef safnsins að Ingi R. Helgason, faðir Álfheiðar, hefði skrifað njósnaskýrslu um nafngreinda félag sína í félagi ungra sósíalista og stúdenta.


Álfheiður ritaði pistil í Fréttablaðið á laugardaginn um málið. Pistillinn ber heitið Rétt skal vera rétt og þar krafðist hún þess að Borgarskjalasafnið birti opinbera leiðréttingu á þessum aðdróttunum í garð föður síns.

„Nú keppast menn við að endurskrifa söguna og einstaka gengur jafnvel svo langt að hreykja sér af því að hafa borið fé á menn

og skrifað njósnaskýrslur á næturþeli fyrir Bjarna Benediktsson, Morgunblaðið og bandaríska sendiráðið. Ég hef megnustu skömm á slíku hátterni og veit fyrir víst að faðir minn var sömu skoðunar,“ skrifaði Álfheiður.

Í tilkynningu frá Svanhildi Bogadóttur borgarskjalaverði segir að mannleg mistök hafi verið gerð við birtingu á umræddum skjölum. Engin tengsl hafi verið að finna milli umræddrar skýrslu og sendibréfs Inga R. Helgasonar um annað efni, sem legið hafi saman fyrir mistök. Ekkert bendi til þess að Ingi R. Helgason hafi tengst umræddri skýrslu. Búið sé að taka skjalið úr birtingu á vef safnsins.

- sks



• Offita og fullorðinskursýki

OPINN FRÆÐSLUFUNDUR

mánudaginn 26. janúar kl. 17:00 - 18:30

í fyrirlestrasal Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE), Sturlugötu 8

kaffiveitingar frá 16:30

Erindi flytja:



Ragnar Bjarnason
barnalæknir, Landspítala



Rafn Benediktsson
lyflæknir, Landspítala



Hilma Hólm
hjartalæknir, Landspítala og ÍE



Kári Stefánsson
læknir og erfðafræðingur, ÍE

Þetta er þriðji fræðslufundurinn sem Íslensk erfðagreining heldur í vetur um sjúkdóma og rannsóknir.

Á vef okkar getur þú fengið nánari upplýsingar um rannsóknir okkar, skoðað upptökur frá fyrri fræðslufundum og skráð þig á póstlista til að fá tilkynningar um fundi.

decode.is/fundir



Til fundarins er boðað í samráði við Samtök sykursjúkra



Norskur ráðherra ákveðinn: Vill sameina nokkra háskóla

NOREGUR Menntamálaráðherra Noregs, Torbjørn Røe Isaksen, vill sameina nokkra háskóla í Nor-egi. Hann er reiðubúinn að beita þvingunum til þess ef með þarf. Á nýlegri ráðstefnu benti ráðherra á að menntamálaráðuneytið væri eigandi skólanna.

Samtök vísindamanna segja ráðherrann uppteknari af stærð en gæðum.

Fulltrúi í samtökum stúdenta segir gæðakröfurnar ekki nógu greinilegar.

- ibs

Um áttatíu prósent Pakistana urðu rafmagnslaus vegna skemmdarverka: Rafmagnnið slegið út í Pakistan

PAKISTAN Milljónir heimila í Pakistan urðu rafmagnslaus á sunnudaginn eftir að hryðjuverkamenn réðust á rafveitukerfið. Talið er að um 80 prósent þjóðarinnar, hafi verið án rafmagns snemma morguns á sunnudegi. Síðar um morguninn var helmingur þeirra kominn með rafmagnnið aftur.

Þá komu upp rafmagnstruflanir á alþjóðaflugvælinum í Lahore og tvö kjarnorkuver voru án rafmagns. Orkumálaráðherra Pakistans sagði á Twitter að ríkisstjórnin myndi ekki ganga til náða fyrr en vandamálið væri leyst. Talsmaður ríkisstjórnarinnar sagði jafnframt að árásin á rafveitukerfið væri skemmdarverk.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Pakistan glímir við vanda vegna rafmagnstruflana. Til að bæta gráu ofan á svart glímir þjóðin svo við mikinn skort á eldsneyti. Vegna þess vanda ákvað forsætisráðherra Pakistans að aflýsa ferð á fund Alþjóðaefnahagsráðsins í Davos í síðustu viku.

-jhh



FORSÆTISRÁÐHERRANN Nawaaz Sharif frestaði ferð til Davos vegna olúvanda sem þjóðin hefur glímt við.

NORDICPHOTOS/AFP

Ný könnun gerð í Svíþjóð: Karlar hræddari en konur

SVÍÞJÓÐ Yfir þriðjungur Svía telur að hætta sé á hryðjuverkum í Svíþjóð. Fylgjendur Svíþjóðar-demókrata hafa mestar áhyggjur, samkvæmt niðurstöðum nýrrar skoðunarkönnunar Sifo, fyrir-tækis sem tekur að sér markaðs- og skoðanakannanir.

Fylgjendur bandalags mið- og hægriflokka hafa meiri áhyggjur en rauðgrænir kjósendur.

Fleiri karlar en konur telja að hætta sé á að hryðjuverk verði framið í Svíþjóð.

- ibs



PAULREYND Fólk sem fórst í snjóflóðinu er allt sagt hafa verið þaulreynt skíðafólk.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

30 látist í Ölpunum í vetur:

Sex fórust í snjóflóði

SLYS Sex eru látin eftir snjóflóð sem féll í frönsku Ölpunum í fyrradag. Hinir látnu voru franskir ríkisborgarar, tvær konur og sex karlar, á aldrinum 50-70 ára. Þau eru öll sögð hafa verið þaulreyndir skíðamenn.

Leit að fólkinu hófst seint á laugardagskvöld eftir að það hafði ekki skilað sér heim. Skömmu síðar fundust lík þriggja og þrjú fundust snemma í gær.

Alls hafa sautján farist í snjóflóðum í Frakklandi í vetur. Á fimmtudag létust tveir skíðamenn, annar þeirra leiðsögu- maður. Degi síðar, eða á föstudag, féll breskur skíðamaður tæpa 100 metra og lést við fallið. Alls hafa þrjátíu manns látist í Ölpunum öllum í vetur.

- sks

Öruggt að annar er látinn

Annar japönsku gíslanna, sem voru í haldi íslamska ríkisins, hefur verið líflátinn. Samtökin krefjast þess að kona í haldi Jórdana verði látin laus í skiptum fyrir síðari gíslinn. Málið kemur forsætisráðherra Japans ekki vel.

JAPAN Talið er að liðsmenn Íslamska ríkisins hafi tekið af lífi annan tveggja japanska gísla sem þeir höfðu í haldi. Áður höfðu verið uppi kenningar um að myndband, sem sýnir lík mannsins, hafi verið falsað en nú þykir nær öruggt að svo sé ekki. Barack Obama Bandaríkjaforseti vottaði Shinzo Abe, forsætisráðherra Japans, samúð sína í símtali vegna þessa.

Obama þakkaði Abe fyrir framlag Japans í þágu friðar í Miðausturlöndunum. Bandaríkin og Japan stæðu hlið við hlið í þessari baráttu og myndu halda áfram á sömu braut við að vinna að lausnum á vandamáli um heim allan.

Abe sagði við fjölmiðla að aftakan væri skammarleg og krafðist þess að ISIS léti hinn gíslinn lausan. Á þriðjudag birtu samtökin myndband sem sýndi liðsmann ISIS, vopnaðan hnifi, standa yfir tveimur japönskum ríkisborgurum. Hann sagði að ef samtökunum bær- ist ekki greiðsla upp á 200 milljónir dollara innan þriggja daga yrðu mennirnir líflátin.

Maðurinn sem tekinn var af lífi hét Haruna Yukawa, 42 ára, og hafði verið fangi samtakanna síðan í október. Sá sem enn er talinn á lífi heitir Kenji Goto og er 47 ára blaðamaður. Talið er að hann hafi



MÓTMÆL- ENDUR Fólk hefur safnast saman fyrir utan hús Shinzo Abe með spjöld sem á stendur „Frelsið Goto“.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

upphaflega farið til Sírlands til að reyna að fá Yukawa lausan úr haldi.

Í þetta skiptið sýndu ISIS ekki aftökuna sjálfa á upptöku heldur brugðu á það ráð að sýna aðeins höfuð Yukawa sem búið var að losa frá búknun. Hljóðið sem fylgdi með var yfirlýsing sem Goto las.

Í yfirlýsingunni sagði Goto að þar sem stjórnvöld hefðu ekki orðið við bón skærulíðanna um lausnargjald hefðu þau aðeins átt einn kost mögulegan. Það væri á þeirra ábyrgð að Yukawa væri nú látinn.

„Rinco, elsku kona mín, og dætur

mínar tvær. Ekki leyfa þeim að láta mig fara sömu leið. Ekki gefast upp,“ segir í yfirlýsingunni. Kröfur ISIS virðast hafa breyst því síðar segir Goto að samtökin vilji aðeins að Sajida al-Rishawi verði sleppt úr haldi.

Al-Rishawi er í haldi í Jórdaníu eftir sjálfsmorðssprengrjú- árás árið 2005. Hún, ásamt hópi manna, ætlaði að sprengja sig í loft upp í Amman, höfuðborg landsins, en ekki vildi betur til en svo að belti hennar sprakk ekki. Hún hefur verið í fangelsi síðan.

„Rinco, elsku konan mín, og dætur mínar tvær. Ekki leyfa þeim að láta mig fara sömu leið. Ekki gefast upp.“

Kenji Goto, 47 ára gamall blaðamaður.

Hópur fólks hefur mótmælt fyrir utan hús Abe og krafist þess að hann beiti sér betur í málinu.

johannoli@frettabladid.is

SKJÓTARI EN SKUGGINN

Kipptu líðunum í lag með Omega 3 líðamíni

- Omega 3 líðamín vinnur gegn stífum líðum og viðheldur heilbrigði þeirra.
- Líðamín inniheldur Hyal-Joint® sem einnig má finna í líðvökva, seigfljótandi vökva sem smyr og viðheldur mykt í líðamótum.
- Það hjálpar líkamanum einnig að fyrirbyggja stíra liði, sem getur skipt höfuðmáli í þjálfun og líkamsrækt.

LYSI

www.lidamin.is



FLÓTTAMENN Margir borgarar flúðu til Maiduguru eftir að ráðist var á borgina Bama í september. Nú sæta þessir sömu borgarar árásum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vígamenn Boko Haram gera enn eina árásina: Útgöngubann sett á

NÍGERÍA Íslamskir vígamenn úr röðum Boko Haram gerðu árás á borgina Maiduguri í norðausturhluta Nígeríu í gær.

Nígeríski herinn svaraði með loftárásum og almennt útgöngubann var sett á. Maiduguri er heimili tugþúsunda manna sem hafa flúið árásum Boko Haram. Goodluck Jonathan, forseti Nígeríu, heimsótti borgina á laugardaginn. Boko Haram, sem þýðir Bann við vestrænni menntun, hóf hernaðaraðgerðir árið 2009 í þeim tilgangi að stofna íslamskt ríki. Samtökin hafa orðið þúsundum manna

að bana, aðallega í norðausturhluta Nígeríu. Íbúar í Maiduguri segjast hafa vaknað upp við háværar sprengingar og byssuhvelli aðfaranótt sunnudagsins. Þeir urðu þess svo áskynja að hersveitir lokuðu vegum og fyrirtækjum.

BBC-fréttastofan segir að svo virðist vera sem átökin hafi hafist í Njimtílo-hverfinu, sem er í útjaðri Maiduguri. Einn íbúanna kallaði eftir því að beðið væri fyrir íbúnum. „Vinsamlegast biðjið fyrir okkur, við sætum miklum árásum og erum í bráðri hættu,“ sagði Rachel Adamu.

-jhh

POLO HORNSÓFI Stærð: 300x234xH64 cm.

20% afsláttur áður 169.900,- **nú 135.920,-**



20% AFSLÁTTUR



30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TEPPUM OG LUKTUM



30% AFSLÁTTUR



3 FYRIR 2 AF PÚÐUM



3 FYRIR 2 AF KERTUM & SNYRTIVÖRUM



ANTONBERGUR

**NÝ OG GLÆSILEG
VEFVERSLUN Á PIER.IS**

the
PIER



Á Hanna Birna afturkvæmt í stjórn málin?

Hanna Birna þarf að fá nýtt umboð

Lekamálinu svokallaða er lokið. Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis, skilaði í nýliðinni viku af sér álit þar sem hann staðfestir það sem marga grunaði. Þáverandi innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, setti fram við Stefán Eiríksson, lög- reglustjórn á höfuðborgarsvæðinu, sem síðan hefur látið af störfum, athugasemdir og gagnrýni á rannsókn lekamálsins. Athugasemdirnar og gagnrýnin voru langt umfram það sem eðlilegt þykir. Samskiptin fólu í sér ítrekaða gagnrýni og beinar athugasemdir sem umboðsmaður segir hafa verið harðar. Þessi samskipti fóru að mati umboðsmanns gegn reglum sem ráðherra bar að hlíta.

Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is



Áður en þessi niðurstaða umboðsmanns birtist hafði aðstoðarmaður ráðherrans hlotið dóm vegna athafna sinna. Ráðherrann hefur sagt af sér embætti. Með því hefur hún axlað pólitíska ábyrgð sína. Frekar verður ekki aðhafst í stjórnsýslunni vegna málsins. Fleiri verða ekki dæmdir af dómstólum.

En þrátt fyrir að málinu sé lokið innan stjórnsýslunnar er líklegt að pólitískt sé staðan önnur. Greint hefur verið frá áhyggjum þingflokks sjálfstæðismanna sem mun hittast á fundi í dag og fara yfir málið. Einstaka þingmenn hafa lýst yfir vonbrigðum og þögnin sem stafar frá formanni flokksins er ærandi. Sá, Bjarni Benediktsson, sem lýsti ítrekað yfir fullum stuðningi og trausti, hlýtur að vera einn þeirra sem orðið hafa fyrir vonbrigðum.

Eftir stendur sú spurning hvort Hönnu Birnu sé sætt áfram sem alþingismaður. Hvort hún hafi axlað sína pólitísku ábyrgð með því einu að segja af sér sem ráðherra.

Í stjórnmalamenningu landanna í kringum okkur þekktist það vel að ráðherrar segi af sér en eigi síðar afturkvæmt í stjórn málin. Þetta hefur verið talinn kostur þar sem það kemur í veg fyrir að ráðherrar og aðrir kjörnir fulltrúar hangi á embættum sínum eins og hundar á roði af ótta við pólitísk endalok viðurkenningu þeir mistök og stígi til hliðar. Sá vandi hefur verið landlægur hér um árabil.

Hanna Birna er sem stendur rúin trausti. Framhaldið veltur á henni.

Hún getur tekið þá ákvörðun að halda til annarra starfa. En ef hún kys að halda í þá vegferð að endurvekja traust almennings á henni þá er ekkert nema gott um það að segja. Hvort sem hún heldur áfram sem óbreyttur þingmaður á kjörtímabilinu eða tekur sér lengra hlé, þarf hún að fara í gegnum prófkjör hjá eigin flokki og síðar almennar kosningar til þingsins. Hún þarf að endurnýja umboð sitt. Fari svo hefur hún þá vonandi lært að þau tilsvör og vinnubrögð sem hún stundaði í lekamálinu eru ekki boðleg. En Hanna Birna, eins og allir aðrir, á hins vegar skilið að fá tækifæri til að sýna að hún hafi lært af þessu máli og sé traustsins verð í framtíðinni. Það er síðan kjósenda að kveða upp þann dóm.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skaðvaldur í formennsku

Leikar æstast hvað varðar aðildarumsókn Íslands að ESB. Björn Bjarnason er ekki sáttur við þingflokksformann sjálfstæðismanna, Ragnheiði Ríkharðsdóttur, og skrifar: „Að formaður þingflokks annars stjórnarflokksins felli sig hvorki við stjórnarstefnuna né átti sig á öllu sem mælir gegn framhaldslífi umsóknar sem strandaði árið 2011 vegna ágreinings um sjávarútvegsmál er skaðvænlegt fyrir stjórnsamstarfið. Er sérkennilegt að þingflokksformaðurinn ætli að stefna því í hættu vegna málstaðar sem brýtur í bága við sjónarmið yfirgnæfandi meirihluta sjálfstæðismanna,“ segir ráðherrann fyrirverandi og einn helsti baráttumaðurinn gegn viðræðunum að ESB.

Elín fagnar breytingunum

Elín Hirst, þingkona Sjálfstæðisflokksins, sagðist á Alþingi fagna afnámi vörugjalda og breytingum á virðisauka-skatti, en sem kunnugt er hækkaði matarskatturinn drjúgt um áramótin. „Til að þær breytingar sem urðu um áramótin ná þó þeim árangri sem þær eiga að ná vil ég benda á að neytendur verða að vera afskaplega vel á verði fyrir því að þessar breytingar skili sér rétt í vöruverði og í verðbreytingum á vöru og þjónustu.“ Elín fagnar því að ASÍ og Neytendasamtökin ætli að fylgjast með að allt gangi eins og ætlast er til, en hið opinbera hefur sagt að markaðurinn muni annast þetta án aðkomu yfirvalda.

Gáttaður þingmaður

Elsa Lára Arnardóttir, þingkona Framsóknarflokks, gerði hækkan vaxta á verðtryggðum lánnum að umtalsefni á Alþingi: „Þetta gerist á sama tíma og stýrivextir lækka og jafnframt hefur verðbólga lækkað verulega. Þetta kemur mjög á óvart því að margir neytendur töldu að vextir mundu lækka þegar utanaðkomandi aðstæður væru jákvæðar sem þær eru virkilega nú.“ Elsa Lára hvetur aðra þingmenn til að standa vaktina, neytendavaktina: „Þessi háttsemi fjármálastofnana er alls ekki í lagi og ég hvet okkur öll sem hér störfum til að skoða þetta nánar og taka höndum saman til að tryggja betur hagneytenda.“



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraenu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ÚTSALA

ALLT AÐ

80%

AFSLÁTTUR

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Rétt nálgun Orkustofnunar

ORKUMÁL



Gústaf Adolf Skúlason framkvæmdastjóri Samorku – samtaka orku- og veitufyrirtækja

Orkustofnun hefur lagt fjölda orkukosta fyrir verkefnisstjórn rammaáætlunar til umfjöllunar. Sumir umræddra kosta eru lagðir fram að frumkvæði orkufyrirtækja, aðrir að frumkvæði Orkustofnunar. Mörgum kostanna hefur áður verið raðað í nýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk í ferli rammaáætlunar, aðrir koma nú nýir til umfjöllunar í verkefnisstjórn.

Orkustofnun hefur hlotið talsverða gagnrýni fyrir þetta verklag, að láta kosti sem þegar hefur verið raðað í verndarflokk fylgja með á þessum lista (líkt og kosti í nýtingarflokki). Jafnvel er talað um að vegið sé að friði um rammaáætlun eða hann sagður úti vegna þessa verklags stofnunarinnar. Stutta svarið við þessari gagnrýni er tvíþætt. Í fyrsta lagi er stofnunin þarna að vinna sína vinnu í samræmi við 9. gr. laga nr. 48/2011 um rammaáætlun. Í öðru lagi var allur friður um rammaáætlun rofinn í tvöföldu pólitísku ferli sumarið 2011 og í janúar 2013, þegar orkukostir sem fyrri verkefnisstjórn hafði talið vænlega til nýtingar rötudu í átt frá nýtingu til verndar. Fyrst tólf kostir í lokuðu ferli innan tveggja ráðuneyta, síðan sex kostir í meðförum Alþingis.

Sáttin löngu rofin

Nú er það vissulega svo að Alþingi hefur

úrslitavaldið um röðun orkukosta í nýtingarflokk, biðflokk eða verndarflokk hverju sinni. En forsenda almennrar sáttar um þetta ferli er fölginn í faglegum niðurstöðum verkefnisstjórnar. Eftir átta ára faglega vinnu fyrri verkefnisstjórnar varð niðurstaðan á hinum pólitíska vettvangi sú sem fyrr segir. Þar var sáttin rofin.

Aðferðafræði verkefnisstjórnar um rammaáætlun byggist að stórum hluta á innbyrðis samanburði orkukosta. Ef ætlast er til að ekki sé hirt um að hafa verðmæta kosti út frá verndarsjónarmiðum með í þeim samanburði þá væri e.t.v. einfaldast að sleppa þessu ferli gagnvart vænlegustu orkukostunum. Vandséð er hvernig ætti að skilgreina slíkt regluverk. Þess vegna er það rétt stjórnsýsla af hálfu Orkustofnunar, og í algeru samræmi við lögin um rammaáætlun, að leggja þennan lista fram með þessum hætti. Hins vegar er rétt að minna á að röðun orkukosta í nýtingarflokk þarf engan veginn að þýða að ráðist verði í umræddar framkvæmdir. Meti eitthvert orkufyrirtæki kostinn hagkvæman og eftirsóknarverðan er t.d. lýðræðislegt ferli mats á umhverfisáhrifum framkvæmda eftir, leyfisveitingar og skipulagsferli. Nýtingarflokkur er því í raun listi yfir orkukosti sem heimilt er að halda áfram að skoða.

Þorablótið

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur



Þorablót er trúarhátíð. Síðurinn hefur verið rakinn til veitingamannsins og síðar prestsins Halldórs Gröndal sem rak Naustið á sjöunda áratug síðustu aldar og hóf þá nýbreytni að bjóða upp á gamlan íslenskan súrmat undir þessu nafni; og varð afar vinsælt. Til eru þeir sem telja þetta allt saman kænlega markaðssetningu hjá hinum verðandi klerki. Aðrir segja að íslenskir stúdentar í Kaupmannahöfn hafi endurvakið siðinn á 19. öld.

Það skiptir ekki máli. Þetta er samverustund á kaldasta og ónotalegasta tíma ársins, til þess fallin að láta fólk hafa yl hvert af öðru – og styrk. Þorablótið er haldið til þess að öðlast styrk. Það er trúarhátíð.

Þorinn er Morrinn

Þetta er ekki bara eitthvert partí. Þorablótið á sér rætur í forneskju og heiðnum sið. Djúpar rætur, hvað sem kann að líða klerklegum markaðssetningum.

Eitt og annað í íslenskri menningu hefur varðveist gegnum aldirnar. Þannig geymdu landsmenn sögur af heiðnum goðum sínum í nokkurs konar þekli sem Snorri Sturluson útbjó með Eddu sinni. Þessi hugmynda- og sagnþekill er skáldmál dróttkvæða og rímna síðar meir, kenn-

ingarnar sem vísa iðulega á tiltekna sögur, einkum af Óðni, og með þessum hætti héldust þessar sögur í sameiginlegu minni þjóðarinnar, þar með nokkurs konar trúariðkun. Hið flókna og dulráða skáldmál rímnanna er aðferð við að blóta á laun. Fræðimenn tala gjarnan um að þetta sé inntakslaut orðaprjál, en þá gleymist hitt: að fyrir vikið geymdust þessar sögur í sameiginlegu minni þjóðarinnar.

Þorablótið er önnur tegund af menningarleifum. Í forneskju hefur fólk væntanlega séð fyrir sér einhvers konar vætt með þessu nafni. Að vísu er talað um Þorra sem norskan konung í Orkneyinga sögu, og hafi verið sonur Snæs en faðir Góu. En er augljóslega vættakyns. Aðrir tengja nafnið við Þór og sjá fyrir sér að þarna hafi verið um að ræða Þórsblót.

Og því ekki það? Eins og tíðkast um upprunaleg og sjálf-sprottin trúarbrögð er hér um að ræða tákngerving náttúruaflla og Þorablótið snýst um að blíðka þau goðmögnum sem við heyrum yla á glugga dag eftir dag, nótt eftir nótt. Reynt er að ná eyrum þessa tákngervings vetrarríkisins, takast á við hann, fá hann til að lina tök sín og hverfa á braut. Þorinn er nefnilega Morrinn. Köld og lamandi ógnarvera sem allt frýs í kringum. Þess vegna er kvæði Kristjáns Fjallaskálds, sem við syngjum enn, Þorraþrællinn – Nú er frost á Fróni – frásögn af tilraunum manna til að fá Þorann til að sjá aumur á sér; „æðrast skipstjórninn“ o.s.frv.

Í seinasta erindinu tekst það: „Þögull Þorri heyrir / þetta

harmakvein“ og endar á því að svífa á braut.

Tilvistarleg tjáning

Allt hefur merkingu á Þorablótinu. Það kann að koma manni spáskt (eða öllu heldur íslenskt) fyrir sjónir hversu mikil áhersla er lögð á að neysla matar sé þolraun fremur en nautn; að það sé með öðrum orðum eftirsóknarvert að snæða bragðvondan mat, ólystugan að sjá og óþægilegan í munni og skola honum niður með bragðvondum kúmensnafsi; tala svo hátt og kjamsandi um hversu gott þetta sé. Þetta er ritúal, og þekktist svo sem víðar; oft í forni verulega daunillra osta. Neyslan skilur sauðina frá höfrunum: mér er sagt að á tilteknu Þorablóti sé talað um „aumingjaborðið“ og er þá vísað til þess að þar mun á boðstólum hefðbundinn veislumatur; það er að segja, bragðgöður matur.

Með því að borða þennan mat sannar maður hollustu sína við hið séríslenska og finnur til skyldleika við aðra sem það gera líka.

Því neyslan er líka tilvistarleg tjáning, ákveðin tilraun til að éta sig í sátt við hlutskipti sitt sem Íslendingur. Það að leggja sér til munnis súrmat og skola niður með snafsi er ígildi þess að fara út í snjóbyl léttklæddur og standa þar keikur og bjóða veðrinu byrginn. Maður undirgengst þolraun og komist maður frá henni án þess að bregða sér eða kúgast er maður jafnframt hertur og reiðubúinn að takast á við frekari raunir. Maður mætir Þorra og horfist í augu við hann án þess að hvika.

“ Þetta er samverustund á kaldasta og ónotalegasta tíma ársins, til þess fallin að láta fólk hafa yl hvert af öðru – og styrk.

Þorramaturinn er ekkert eins og hver annar matur heldur er hann þrúnginn merkingu, rétt eins og í öðrum trúarathöfnum. Jafnvel mætti segja að súrmaturn sé nokkurs konar obláta Íslendinga. Þar snæðir Íslendingurinn sauðkindina, sinn þúsund ára förunaut í þessu landi, hann snæðir Íslands þúsund ær. Og hann leggur sér sauðkindina til munnis í nokkurs konar mynd ódauðleikans; því súrmaturn geymist út í hið óendanlega.

Og samt er Þorablótið um leið hið íslenska karnival. Þegar borðhaldið er um garð gengið með tilheyrandi ánægjukjamsi og heitstrengingum um hvílikt lostæti þetta sé er yfirleitt farið með gamanmál og þar er einn gert grín að mikilsháttar persónum í samfélaginu – oftast í forni brags sem allir kyrja saman. Karlar – oft í valdastöðum í viðkomandi samfélagi – koma líka fram í kvenmannsklæðum, dilla sér og skrækja, en viðsnúningur á hefðbundnum kynhlutverkum og valdahlutföllum er einmitt helsta einkenni karnivalsins. Slík gleði eykur enn á samkenndina og þá tilfinningu viðstaddra að eiga eitthvað mikilsvert saman og engin ástæða sé til að láta bugast af ótíð og kulda.

AF NETINU

Fyrirmyndarskóli



Um tíma gekk límfaraldur yfir skólann, þ.e. nokkur hópur nemenda var að sniffa lím. Þetta komst í blöðin og hömlur voru

lagðar á sölu Aurora-módelalíms. Þá svissuðu sumir yfir í kveikjara-bensín. Í kjallara skólans starfaði skátafélag. Í skátaútilegum fékk maður alls kyns óhefðbundna fræðslu.

Eftir því sem ég kemst næst er starfsemi Hagaskóla algjörlega til fyrirmyndar nú – eins og sunnudagaskóli miðað við það sem ég upplifði.

Kannski er það röng líking, því líklega er skólinn laus við þá stóreinkennilegu kristindómsfræðslu sem þá tíðkaðist. Þess utan á ég góðar minningar úr Hagaskóla, þótt ég geti seint talist fyrirmyndarnemandi

<http://www.eyjan.pressan.is/silfuregils>

Egill Helgason fjömiðlamaður

Pöggunin á RÚV



Hvernig getur það verið að RÚV beiti þöggun þegar kemur að Gunnari Nelson og þeirri íþrótt sem hann stundar?

Þetta er orðin ein vinsælasta íþrótt veraldar og fleiri þúsundir manna og kvenna mæta um hverja helgi allt árið um kring út um allan heim til þess að hvetja sitt fólk áfram.

http://www.pressan.is/pressu-pennar/Lesa_Bubba/

Bubbi Morthens tónlistarmaður

Glæsilegur Kia Rio

Flottur, hagkvæmur og sparneytinn

7 ára ábyrgð á öllum nýjum Kia bílum



RIO



The Power to Surprise

Eyðir aðeins frá 3,6 lítrum á hundraðið

Nútímataekni og hönnun hafa ekki einungis skilað kraftmiklum gæðabil heldur er hann líka einn sparneytnasti dísilbíl í heimi — eyðir um 3,6 l/100 km í blönduðum akstri. 7 ára ábyrgð fylgir nýjum Kia Rio sem gildir til ársins 2022.

Kia Rio bíður þín í Öskju, Krókhálsi 11. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.

Verð frá 2.550.777 kr.

Eða 37.777 kr. á mánuði í 84 mánuði*

Kia Rio LX 1,1 — dísil, beinskiptur.

*Mánaðarleg afborgun miðast við 10% útborgun og bílalan til 84 mánaða. Bílalanstólar eru viðmiðunarverð og geta breyst án fyrirvara.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Fylgdu okkur á facebook.
[facebook.com/kiamotorsland](https://www.facebook.com/kiamotorsland)

MERKISATBURÐIR

- 1788** Fyrsta nýlenda Evrópumanna í Ástralíu er stofnuð, fanga nýlendan hlaut síðar nafnið Sydney.
1866 Ísafjörður fær kaupstaðarréttindi.
1953 Neytendasamtökin stofnuð.
1965 Hindí gert að opinberu tungumáli Indlands.
1995 Eric Cantona, leikmaður Manchester United, tekur kung fu-spark í átt að Matthew Simmons, stuðningsmanni Crystal Palace.
2009 Geir H. Haarde slítur stjórnarsamstarfi við Samfylkinguna.



Faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,
SÆMUNDUR INGVI GUÐLAUGSSON
 fyrrv. vélsstjóri,
 andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ sunnudaginn 18. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd aðstandenda,
Ari Mörk **Ingi Þór**


 Ástkær eigenmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
PÉTUR GUÐBJÖRN SÆMUNDSSON
 skipsstjóri,
 Vallarbraut 6, Reykjanesbæ,
 lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 20. janúar. Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 29. janúar kl. 13.00.

Edith María Óladóttir
 Anna María Pétursdóttir Sámal Jákup Samuelsen
 Jón Pétursson
 Guðbjörg Pétursdóttir Guðlaugur Helgi Guðlaugsson
 Pétur Óli Pétursson Lilja Valþórsdóttir
 barnabörn og barnabarnabörn.




 Bróðir okkar og mágur,
JÓNAS JÓHANSSON
 Suðurrhólum 24, Reykjavík,
 er lést mánudaginn 19. janúar, verður jarðsönginn frá Háteigskirkju, miðvikudaginn 28. janúar kl. 13.00.

Kristín Jóhannsdóttir Böðvar Þorvaldsson
 Guðjón Jóhannsson Hrefna Bjarnadóttir
 Sigrún Jóhannsdóttir Ingólfur Karlsson




 Elskulegur bróðir okkar,
DAVIÐ STEFÁNSSON
 frá Saurhóli,
 lést þann 20. janúar á Silfurtúni í Búðardal. Jarðarförin fer fram frá Staðarhólskirkju 29. janúar kl. 14.00.

Elsa
 Jensina
 Arndís Jenný
 Bryndís
 Haukur
 Gísli Björgvin
 Fanney Svana



PETTA GERÐIST 26. JANÚAR 1906

Verkamannafélagið Dagsbrún stofnað

Verkamannafélagið Dagsbrún var stofnað í Reykjavík 26. janúar fyrir 109 árum. Stofnfélagar voru 384. Helsti hvatamaður að stofnun félagsins var Árni Jónsson tólmthúsmaður, en tólmthús menn voru upphaflega menn sem fengu leyfi til að setjast að í bæjum eða við sjó, og stunduðu aðallega sjóinn. Tólmthús menn urðu síðar vísir að fyrstu verkalýðsstétt á Íslandi. Fyrsti formaður Dagsbrúnar var Sigurður Sigurðsson búfræðiráðnautur, sem síðar settist á þing fyrir Heima-stjórnarflokkinn. Dagsbrún átti eftir að verða eitt öflugasta stéttarfélag landsins og var stofnun þess til marks um vaxandi stéttarvitund alþýðufólks og fyrirboði

um þau stéttaátök sem settu svip sinn á þjóðlífið mestalla öldina. Þegar Dagsbrún var stofnuð var vinnutími verkamanna tólf stundir á sólarhring og tímakaup 18 til 25 aurar á veturna en 25 til 30 aurar á sumrin. Félagið gerði kröfu um ellefu stunda vinnudag, aldrei minna en 25 aura á tímanna á veturna og 35 aura á eftirvinnu. Á sunnudögum mátti ekki láta félagsmenn vinna nema bryna nauðsyn krefði. Atvinnurekendur í Reykjavík munu hafa virt þessar kröfur við karlmenn, en algengt var að konur hefðu að minnsta kosti þriðjungi lægri laun, þótt þær gengju í líkamlega erfið og sóðaleg störf á við karla.



FUNDARMENN Mynd af frægum Dagsbrúnarfundi sem fram fór í mars 1988. MYND/SVEINN PORMÓSSON

Friðrik Ólafsson 80 ára

Fyrsti stórmeistari Íslendinga í skák á stórafmæli í dag. Friðrik var á tímabili í hópi sterkustu skákmanna heimsins auk þess að vera skrifstofustjóri Alþingis og forseti FIDE.

Friðrik Ólafsson, fyrsti stórmeistari Íslands í skák, fagnar í dag áttátíu ára afmæli sínu.

„Við verðum með litla veislu fyrir nánustu vini og ættingja,“ segir Friðrik og bætir við að þannig sé minna um ræðuhöld og formlegheit.

Friðrik hóf ungur að árum að tefla og tók fyrst þátt á Skákþingi Íslands aðeins ellefu ára gamall. Sex árum síðar stóð hann uppi sem sigurvegari mótsins en hann vann það alls sex sinnum.

Aðspurður um eftirminnilegasta tímabil ferils síns nefnir Friðrik það skeið sem hófst áramótin 1955/56 í Hastings. Þar varð Friðrik efstur ásamt Viktori Kortsnoj. Í kjölfarið tók hann þátt í millisvæðamóttinu í Portoroz í Júgóslavíu, nú í Slóveníu, þar sem hann lenti í 5.-6. sæti.

Sá árangur tryggði honum sæti á áskorendamóti sem fram fór í Bled, Zagreb og Belgrad ári síðar. Þar tefldu átta sterkustu skákmenn heims fjórfalda umferð og fékk sigurvegarinn að skora á heimsmeistarann Míkhaíl Botvinnik. Friðrik endaði í 7. sæti en Míkhaíl Tal vann mótið.

„Skömmu eftir þetta hófst ég handa við að sækja mér gráðu í lögfræði. Ég hafði skráð mig í deildina en ekki sinnt náminu neitt,“ segir Friðrik. Skákin sat að mestu á hakanum en Friðrik tók þátt í fáum vel völdum mótum. Að námi loknu hóf Friðrik störf í dómsmálaráðuneytinu þar sem Baldur Möller, einnig margfaldur sigurvegari Skákþings Íslands, var ráðuneytisstjóri.

Í kjölfar einvígis aldarinnar, milli Spasskís og Fischers, í Reykjavík 1972 hóf Friðrik að tefla á ný af krafti og vill sjálfur meina að þá hafi hann verið hvað sterkastur.

„Ég tók skákina fastari tókum, stúderaði betur og var skipulagðari en ég hafði áður verið,“ segir Friðrik.

Árið 1978 var hann kjörinn forseti Alþjóðaskáksambandsins FIDE. Árið 1981 háðu Anatolj Karpov og Viktor Kortsnoj einvígi um heimsmeistarartilinn. Kortsnoj var landflóttá Sov-



FRÍÐRIK ÓLAFSSON Fyrsti stórmeistari Íslendinga í skák.

étmaður og var fjölskyldu hans haldið nauðugri í Sovétríkjunum.

Friðrik setti það sem skilyrði að fjölskyldu hans yrði hleypt úr landi og var það gert að einvíginu loknu. Það varð til þess að Sovétmenn felldu hann í næstu forsetakosningum sambandsins.

Friðrik kom að útgáfu lagasafns áður en hann hóf störf sem skrifstofustjóri Alþingis árið 1984 og gegndi því til ársins 2005. Hann var sæmdur riddarakrossi árið 1972 og stórriddarakrossi 1980.

„Það var mikill kostur þegar biðskákirnar voru lagðar af en ég er

„Það var mikill kostur þegar biðskákirnar voru lagðar af en ég er ekki viss um ágæti tölvutækninnar.“

Friðrik Ólafsson, fyrsti íslenski stórmeistarinn.

ekki viss um ágæti tölvutækninnar,“ segir afmælisbarnið aðspurt um stöðu skákarinnar í dag. „Undirbúningurinn heima fyrir getur náð tugi leikja inn í viðureignina og margir taka litla áhættu. Það var ekki svo í gamla daga.“

johannoli@frettabladid.is



Þegar andlát ber að höndum önnumst við alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi


 Elín Sigrún Jónsdóttir
 framkvæmdastjóri


 Þorsteinn Elísson
 útfararþjónusta


 Frimann Andrésson
 útfararþjónusta


 Hugrún Jónsdóttir
 útfararstjóri


 Guðmundur Baldvínsson
 útfararþjónusta


 Jón G. Bjarnason
 útfararþjónusta


 Ellert Ingason
 útfararþjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn
 Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

EFTIRMINNILEGASTA SKÁKIN

Skákir Friðriks á ferlinum eru hátt í tvö þúsund. Friðrik segir eftirminnilegasta andstæðinginn vera danska stórmeistarann Bent Larsen en þeir áttust við alls 35 sinnum og skildu að lokum jafnir.

„Ég vann hann fyrstu þrjú skiptin og vildi hann meina að það bernskubrek ætti ekki að teljast með.“

Eftirminnilegasta skákin

var hins vegar gegn fyrrverandi heimsmeistarann Míkhaíl Tal á móti í Las Palmas 1975. Friðrik hafði svart og má sjá stöðuna hér að ofan eftir 20. Hxc7.

20.–Had8 21. H1c2

Bxd2 22. Dxd2 Df4! 23.

He7 (23. Dxf4 Hd1+ og svartur mátar) Hf8! 24.

Da5 Hd1+ 25. Re1 Dg5

og Tal gafst upp þar sem hann verður mót eða tapar liði.

„Ég hefði getað leikið Dg5 leik fyrr en þar sem þetta var

Tal vildi ég vera alveg öruggur!“



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



KÚPA

Höfuðkúpan hefur orðið tveimur frönskum hönnuðum, þeim Léu Padovani og Sébastien Kieffer, innblástur. Þau hafa hannað garðhúsgögn á borð við S.T.Q.T.V.M.-stólinn sem er hefðbundinn plaststóll sem skorinn hefur verið út til að líkjast höfuðkúpu.



Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarnogler.is

EF EKKI ER BÚIÐ AÐ KVEIKJA Í MÁ LAGA

HEIMILI Upphaldshúsgögnin á heimili Guðrúnar Bjargar Eyjólfsdóttur eru forlata stofuskápur og ruggustóll, hennar eigin hönnun og smíði. Guðrún er mublusmiður og gerir upp gömul húsgögn á Akureyri.

Skápurinn er útskriftarverkefni mitt úr húsgagnasmíðinni í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Ég hannaði hann sjálf og smíðaði og hann er aðalmublan í stofunni hjá mér. Skápurinn er spónlagður að utan og innan og öll spónlagning spegluð. Höldin eru fræst í hurðirnar. Skápurinn er þungur og ekki auðvelt að ná taki á honum. Við erum nýbúin að kaupa okkur framtíðarhúsnæðið svo vonandi eigum við bara eftir að flytja hann einu sinni enn," segir Guðrún Björg Eyjólfsdóttir, mublusmiður og annar eigandi húsgagnaverkstæðisins Mublur á Akureyri, þegar hún er spurð út í upphaldshúsgögnin á heimilinu.

Í stofunni er líka völdugur ruggustóll sem Guðrún hefur miklar mætur á en hann er einnig hennar eigin hönnun og smíð.

„Ruggustóllinn er líka skóla-verkefni. Upphaflega áttum við að smíða eftir einhverjum stól úr verslun. Við neituðum því og vildum smíða eftir eigin hugmynd. Við Dídí, sem er með mér í Mublum, hönnuðum þennan og nokkrir úr hópnum smíðuðu hann í mismunandi útfærslum. Stóllinn er fingraður saman en engar skrúfur notaðar.“

GEFANDI AÐ GERA UPP GAMALT

„Upphalds gamla húsgagnið mitt er hægindastóll sem mamma keypti notaðan einhvers staðar. Henni var sagt að rithöfundur hefði átt þennan stól en ekki fylgdi sögunni hvaða rithöfundur. Stóllinn er líklega síðan um aldamótin 1900 og var ansi illa farinn. Ég tók hann allan í sundur og



HRIFIN AF GÖMLU Guðrún Björg Eyjólfsdóttir mublusmiður gerir upp gömul húsgögn á Akureyri. MYND/AUDUNN NIELSSON

TUDOR RAFGEYMAR



Hvalvatn 2013

Er bíllinn viðbúinn kuldanum í vetur?

TUDOR SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Valhöll

Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Hægt að snúa.



20% afsláttur af lókum og hlífðardýnum við dýnukaup.

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Verðdæmi:

Með PU leðurbotni og eikarfótum stgr.

Stærð	Verð
100x200	74.900 kr.
120x200	79.900 kr.
140x200	89.900 kr.
160x200	104.900 kr.
180x200	114.900 kr.



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Rauðrófu „extrakt“
í hylkjum

Ný sending komin í verslanir!

Beetroot 700mg

2 hylki á dag

www.gengurvel.is

Útsólustaðir: flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaðanna

Gengur vel



ADALMUBLAN Í STOFUNNI Stofustássið er útskriftarverkefni Guðrúnar úr húsgagnasmíði í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Skápurinn er hennar eigin hönnun og smíð.



VOLDUGUR Ruggustólinn hönnuðu Guðrún og Dídí, samstarfskona hennar, í skólanum þegar bekkurinn átti að smíða eftir húsgagninu úr verslun.

Gríms fiskibollur

hollur kostur á 5 mín.

GRÍMUR KOKKUR

► límdi upp á nýtt, litaði hann og lakkaði. Ég er búin að gera upp ansi mikið af húsgögnum en hef aldrei fengið annan eins og þennan stól í hendurnar," segir Guðrún en hún gerir upp gömul húsgögn alla daga á verkstæðinu.

„Við erum ekki í nýsmíði, gerum eingöngu upp gamalt. Ef við værum með réttu vélarnar værum við komnar út í eigin hönnun og smíði. Það er alltaf á döfinni að bæta úr því. En það er mjög gaman að gera upp gamalt og gefandi, sérstaklega þegar við fáum eitthvað til okkar sem er búið að dæma jafnvel ónýtt og við náum að gera það upp aftur. Ef það er ekki búið að kveikja í því er nánast hægt að bjarga öllu.“

Guðrún viðurkennir að mikla þolinmæði þurfi við að gera upp illa farin húsgögn svo vel sé. Það geti tekið á taugarnar en þá skipti þær með sér verkum á verkstæðinu. Stundum fari húsgagn í „skammarrókrinn“ í nokkra daga en svo haldi verkið áfram.

NÓG AÐ GERA

„Við byrjuðum fyrir þremur árum í skúr niðri á Eyri, keyptum okkur svo varanlegt húsnæði í miðbænum og höfum nóg að gera. Meirihluti þess sem við vinnum er fyrir viðskiptavinum en svo er eitthvað um húsgögn sem við tökum alveg að okkur og seljum svo sjálfar. Það er mikið um að fólk hafi fengið eitthvað í arf og á eitthvað sem hefur verið í geymslunni í mörg ár. Fólk er yfirleitt ekki stressað yfir því þó það geti tekið langan tíma að laga húsgagn. Þessum bransa fylgir ekki hraði og stress.“

HANS WEGNER Í UPPÁHALDI

„Fyrir utan það sem ég hef smíðað sjálf er allt heima hjá mér gamalt. Það er til fullt af flottri nýrri hönnun en gömlu húsgögnin eru bara svo miklu betur smíðuð og úr betri efnum en mörg ný húsgögn í dag. Sumt má varla flytja milli herbergja án þess að það liðist í sundur. Ég er voða veik fyrir tekkhúsgögnum og þá er hönnun Hans Wegner ofarlega á listanum,“ segir Guðrún.



SKÁLDASTÓLL Gamla hægindastólinn keypti mamma Guðrúnar notaðan og segir sagan að rithöfundur hafi átt stólinn. Guðrún tók hann allan í sundur og límdi upp á nýtt, litaði og lakkaði.

NÝTT – NÝTT

8 rétta hlaðborð í hádegini

TILBOÐ

KR. 1.590.-

OPIÐ KL. 11:00-14:00

Hlaðborðið er alla virka daga, ekki um helgar.

Kinakofid

NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022

OptiBac
probiotics

Virkar lausnir frá OptiBac „Bifidobacteria & Fibre“

- Virkari melting
- Lausn við hægðatregðu

Fæst í apótekum og heilsubúðum

NÝSTÁRLEGUR FLYGILL

● **HLJÓDFÆRI**
Ungverski píanistinn Gergerly Bogányi hefur endurhannað flygillinn í þeim tilgangi að auka hljóðgæði. Útkoman er nýstárleg og minnir hljóðfærið helst á skúlpúr. Hördum línur hins hefðbundna flygils skiptir Bogányi út fyrir straumlínulagaðar línur. Bogányi hannaði einnig píanóstól í sama stíl og á þetta að endurspegla flæðið í klassískri tónlist að sögn tónlistarmannsins. Þrátt fyrir nýstárlegt og iburðarmikið útlitið er píanóið fyrst og fremst hannað með það í huga að ná sem bestum hljómi úr því. „Í mörg ár hef ég spilað með vissu hljóði í huga sem hefur verið annað en kemur úr hljóðfærinu,“ sagði Bogányi í viðtali við vefþímaritið Dezeen. Nú hafa ímyndunin og raunveruleikinn náð saman.

REKSTRARRÁÐGJÖF

MÁNUDAGUR 26. JANÚAR 2015

Kynningarblað Firma Consulting, Nóta, Peyroll, KPMG, Expectus og FranklinCovey.





Magnús hefur viðtæka reynslu úr atvinnulífinu sem hefur komið viðskiptavinum hans að góðum notum.

MYND/GVA

Vandvirkni í hávegum höfð

Ráðgjafarfirmið Firma Consulting sérhæfir sig í fyrirtækjaráðgjöf. Það veitir m.a. aðstoð og ráðgjöf við kaup, sölu og sameiningu fyrirtækja. Firma Consulting veitir jafnframt margháttaða rekstrarráðgjöf. Vönduð vinnubrögð eru aðalsmerki fyrirtækisins.

Þjónusta sú, sem Firma Consulting veitir, er í meginatriðum þrjúþætt. Í fyrsta lagi er veitt aðstoð við kaup, sölu og sameiningu fyrirtækja oftast að millistærð, en Firma Consulting skilgreinir millistærð fyrirtækja í áætluðu verðmæti eða veltu frá tvö hundruð milljónum króna upp

í tvö þúsund milljónir. „Í öðru lagi framkvæmum við verðmöt á fyrirtækjum af öllum stærðum. Í þriðja lagi veitum við margháttaða rekstrarráðgjöf, ef við teljum okkur geta orðið að gagni,“ segir Magnús Hreggviðsson, aðalráðgjafi fyrirtækisins. „Sú ráðgjöf getur verið margháttað. Má þar

nefna almenna rekstrarráðgjöf, ráðgjöf við uppstokkun, endurskipulagningu og margt fleira tengt rekstri fyrirtækja.

Það sem einkennir þjónustu Firma Consulting er að sögn Magnúsar vönduð vinnubrögð með góða fagmennsku. „Þá má vekja athygli á því að við erum sjálfstætt lítið ráðgjafarfirmi, sem er óháð öðrum, þar með talið fjármálastofnunum.“

Víðtæk reynsla

Magnús er Cand. Oecon. úr Háskóla Íslands og hefur víðtæka reynslu úr viðskiptalífnum. Hann starfaði sem endurskoðandi, ráðgjafi og fyrirtækja- og fasteignasali í rúman áratug. Síðar athafnamaður og frumkvöðull í útgáfu, fasteignarekstri og „landdevelopment“ (Smárahvammi) til fjölda ára. Fyrir rúmum tíu árum ákvað hann að nýta margháttaða reynslu sína, stofnaði ráðgjafarfirmið Firma Consulting og sneri sér að ráðgjöf við kaup, sölu og sameiningu fyrirtækja auk margháttaðra ráðgjafarstarfa.

„Reynsla mín úr athafnalífnum, fyrst sem sérfræðingur og síðar athafnamaður í viðamiklum rekstri, hefur komið mörgum að notum í verkefnum Firma Consulting. Vegna mikillar reynslu minnar tel ég mig geta sett mig betur í spor viðskiptavina í margháttaðum viðfangsefnum þeirra,“ segir Magnús.

Magnús hefur mótað nákvæmt sölufélagið Firma Consulting við sölu fyrirtækja. Þar leggur hann ríka áherslu á nákvæma skilgreiningu verkefna fyrir við-

skiptavini og fyrirfram sem nákvæmasta verðlagningu á þjónustunni. Mikil áhersla er lögð á nákvæmni í sölumæðferð og vandaðan frágang við kaup, sölu og sameiningu fyrirtækja. Sölufélagi Firma Consulting er skilgreint á vef félagsins, www.firmaconsulting.is, og er í meginatriðum þannig:

A) Nákvæmur samningur um sölu (eða kaup/sameiningu), sem skilgreinir vel skyldur beggja.

B) Heildarúttekt Firma Consulting á stöðu félagsins og verðmat.

C) Vönduð sölumæðferð og sölviðræður.

D) Nákvæmir og vandaðir samningar við kaup, sölu og sameiningu með alla enda hnyttu.

Magnús segir flesta viðskiptavini óska eftir því sem hann nefnir hljóðláta sölumæðferð. „Við búum í litlu samfélagi og er ósk flestra viðskiptavina okkar að við finnum traustan kaupanda án þess að viðskiptavinir og starfsmenn frétti til að skapa ekki möguleika á óróa í rekstri fyrirtækisins. Þetta getur verið vandasamt í litlu samfélagi þar sem flest fréttist.

Traust í viðskiptalífnum heldur að aukast

Aðspurður segist Magnús sjá merki þess að traust í viðskiptalífnum sé heldur að aukast. Hann segir umhverfi við sölu fyrirtækja hafa breyst mikið á síðustu árum. „Fyrst eftir hrun fjármálakerfisins árið 2008 versnaði afkoma fyrirtækja mjög. Traust einstaklinga í viðskiptalífnum minnkaði innbyrðis til muna vegna óvandaðrar og glannalegrar framgöngu

margra helstu og þekktustu viðskiptamanna landsins. Eins vegna slakara viðskiptasiðferðis margra annarra en áður var. Traust fjármálastofnana á viðskiptamönnum minnkaði og traust einstaklinga á fjármálastofnunum sömuleiðis.“ Nú er ástandið hvað varðar sölu fyrirtækja heldur að lagast. Afkoma fyrirtækja hefur batnað og segir Magnús að traust í viðskiptalífnum sé að aukast. Traust viðskiptamanna á stjórnvöldum eykst sömuleiðis, en það minnkaði mikið við hrunið og fyrstu árin eftir það.

Að sögn Magnúsar þarf að gæta fyllstu varúðar við kaup, sölu og sameiningu fyrirtækja og viðhafa vönduð vinnubrögð í hvívetna. „Þannig má koma í veg fyrir að eitthvað fari úrskeiðis í viðskiptum með fyrirtæki. Okkar helsti styrkur eru vönduð vinnubrögð, nákvæmi og áreiðanleiki í allri þjónustu fyrirtækisins. Hið vandaða sölufélagið og frágangur sölu á fyrirtækjum hjá Firma Consulting hefur á fyrsta áratug félagsins skilað sér í að engin vandamál hafa komið upp í kring um og/eða eftir frágang þeirra viðskipta. Sú viðleitni okkar að freista þess að gera bæði seljendur og kaupendur ánægða með viðskiptin hefur tekist, að því er ég best veit, í öllum tilvikum á þessum tíma,“ segir Magnús.

Firma Consulting er til húsa að Þingaseli 10, 109 Reykjavík. Nánari upplýsingar er að finna á firmaconsulting.is og einnig í sínum 896-6665 eða 820-8800. Veffang Magnúsar er magnus@firmaconsulting.is



FIRMA

CONSULTING

Óháð ráðgjöf til fyrirtækja

Firma Consulting gerir fyrirtækjum tilboð í eftirfarandi þjónustu:

- Kaup, sala og sameining.
- Verðmat fyrirtækja.
- Samningaviðræður, samningagerð
- Áætlanagerð.
- Fjárhagsleg endurskipulagning.
- Samningar við banka.
- Rekstrarráðgjöf.

Firma Consulting, Þingaseli 10, 109 Reykjavík.
Símar: 820-8800 og 896-6665. Fax 557-7766
info@firmaconsulting.is, www.firmaconsulting.is



Nóta og Payroll sérhæfa sig í reikningagerð og launalausnum. Elísabet Ósk Guðjónsdóttir er framkvæmdastjóri Payroll og Atli Rafn Viðarsson er framkvæmdastjóri Nótu.

MYND/ERNIR

Reikningagerð og launalausnir

Systurfyrirtækin Nóta og Payroll sérhæfa sig í reikningagerð og launalausnum. Þrátt fyrir ungan aldur þjónusta fyrirtækin fjölda viðskiptavina hérlandis og erlendis. Bæði fyrirtækin leggja mikið upp úr notendavænu viðmóti og faglegri þjónustu.


Payroll er eina fyrirtækið á Íslandi sem sérhæfir sig í launaútreikningum. Fyrirtækið þjónustar í hverjum mánuði tæplega 100 viðskiptavinum sem greiða laun til allt frá einum starfsmanni til yfir 100 starfsmanna. **Útreiknuð laun hjá Payroll á síðasta ári voru um 3,1 milljarður króna.** Payroll er með fjölbreyttan hóp viðskiptavina, allt frá einyrkjum til stærri fyrirtækja. Payroll þjónustar meðal annars fjölda fjármálafyrirtækja, þar á meðal einn af viðskiptabönkum. Hliðstæð þjónusta hefur tíðkast í nágrannalöndum okkar í langan tíma að sögn Elísabetar Guðjónsdóttur, framkvæmdastjóra Payroll. „Sérfræðingar okkar sjá mánaðarlega um útreikning launa fyrir fjölda viðskiptavina. Í þeirri vinnu felst allt sem viðkemur útreikningi launa og tengdra gjalda auk skila á mánaðarlegum og árlegum skilagreinum til hins opinbera, lífeyrissjóða og stéttarféлага. Við leggjum mikið upp úr rafrænum samskiptum við skil og birtingu upplýsinga og birtast til dæmis launaseðlar í netbönkum launamanna.“

Þegar kemur að útreikningi launa segir Elísabet að mikilvægt sé að styðjast við nýjustu lög og reglur um skatta, gjöld og kjarsamninga. „Hjá Payroll hefur verið fjárfest í þekkingu og hugbúnaði þannig að ávallt sé hægt að veita bestu mögulegu þjónustu á sviði launaumsjónar. Með útvistun á launum til Payroll er öryggi tryggt í meðferð á viðkvæmum upplýsingum. Í mörgum tilfellum höfum við aðeins umsjón með hluta launa fyrirtækis eins og ákveðnum stjórnendum, sölumönnum á árangurstengdum tekjum o.s.frv.“

Payroll veitir einnig ráðgjöf varðandi hlunnindi og launatengda styrki og aðstoðar við gerð vinnutengdra samninga, svo sem ráðningar- og starfslokasamninga og ákvörðun um kaup og kjör.

„Á heimasíðunni www.payroll.is má finna launareiknivél. Þar er hægt að slá inn forsendur út frá launþega og vinnuveitanda og fá út útborguð laun, launatengd gjöld og heildarkostnað fyrirtækis og fleiri upplýsingar tengdar launum og gjöldum,” segir Elísabet að lokum.

Nánari upplýsingar má finna á www.payroll.is.



Ráðgjafarfyrirtækið Nóta ehf. var stofnuð í ársbyrjun 2013 og heldur því upp á tveggja ára starfsafmæli sitt um þessar mundir. Fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á einfalt vefviðmót fyrir reikningagerð á vefsvæði sínu, www.nota.is, þar sem hægt er að gera reikningabeirnið hvenær sem er og vinna starfsmenn Nótu úr beiðnum samdægurs eða snemma næsta virka dag að sögn Atla Rafns Viðarssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins. „Það kostar ekkert fyrir viðskiptavinum okkar að skrá sig, ekkert mánaðargjald er innheimt og viðskiptavinir okkar þurfa ekkert að binda sig í áskrift. Einungis er greitt fyrir þá reikninga sem Nóta gerir samkvæmt verðskrá. Þess má geta að gjaldskrá Nótu lækkaði um áramótin sökum

aukinnar eftirspurnar og samhæfingar kerfa.“

Viðskiptavinir Nótu hafa ávallt aðgang að afritum reikninga sinna og öðrum yfirlitum á heimasvæði sínu. „Innifalið í allri reikningagerð hjá Nótu er ráðgjöf varðandi útsendingu reikninga. Þannig skoða starfsmenn okkar til dæmis hvort viðskiptavinur sé með opið virðisaukaskattsnúmer, setja á rétta virðisaukaskattsprósentu o.s.frv.“

Fjöldi viðskiptavina hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin tvö ár að sögn Atla Rafns og hafa þeir tekið vel í lausnir fyrirtækisins. Nóta þjónustar í dag fjölbreyttan hóp viðskiptavina, allt frá einstaklingum upp í fyrirtæki með tugi starfsmanna.

Nóta var fyrsta fyrirtækið á sínu sviði að sögn Atla Rafns sem gat sent frá sér rafræna reikn-

mestu máli skipta, t.d. við stýringu, veltufjármuna er góðum stjórnendum mikilvæg, hvort sem um er að ræða veltuhraða birgða, greining viðskiptakrafna eða heildaráhrif þessara þátta á sjóðsstreymi frá degi til dags,“ segir Ólafur enn fremur.

Á ráðgjafarsviði KPMG starfa reyndir sérfræðingar. „Í sama

ráðgjafahópnum höfum við viðtæka þekkingu á skilvirkri stýringu þeirra atriða sem fjallað er um hér að framan og auk þess mikla reynslu í útfærslu viðskiptagreindarlausna þar sem stillt er upp skýrum mælikvörðum til að tryggja árangur í rekstri.

Möguleikum í notkun og útfærslum viðskiptagreindarlausna

og mælaborða fyrir stjórnendur er alltaf að fjölga.

Mikið magn upplýsinga er til nú þegar í upplýsinga- og fjárhagskerfum fyrirtækja og stofnana. Við erum sérfræðingar í að draga fram lyklatríði og setja fram með skýrum hætti öflug stjórndasýn, og hámarka þá fjárfestingu sem þegar hefur verið lagt í.“

Verum viðbúin hinu óvænta

Sviðsmyndagreining er ein af þeim aðferðum sem framsýnir stjórnendur geta nýtt sér við undirbúning stefnumótunar, áætlanagerðar og áhættugreiningar en hún byggist á því að dregnar eru upp nokkrar en ólíkar lýsingar á þeim aðstæðum sem upp geta komið í starfsumhverfinu. Með aðferðafræði sviðsmynda er varpað ljósi á það hvaða ákvarðanir þarf að taka í náninni framtíð og hvaða hugsanlegar afleiðingar þær geta haft.

Markmið sviðsmyndagreininga er að meta mögulega framtíðarþróun og ná utan um helstu óvissuþætti sem nauðsynlegt er að hafa í huga við stefnumarkandi ákvarðanir og aðra þætti í undirbúningi stjórnenda áður en kemur að ákvarðanatöku. Ráðgjafarsvið KPMG hefur sérhæft sig á þessu sviði og er leiðandi í notkun aðferðafræðinnar hér á landi. Sem dæmi má nefna að sérfræðingar KPMG hafa nýtt hana til að meta hvaða áhrif mismunandi aðferðir við afnám fjármagnshafta gætu haft bæði á einstök fyrirtæki og eins þjóðarhag (sjá nánar á www.kpmg.is)

Nauðsynlegur undirbúningur

„Öll þekking okkar er úr fortíðinni en allar ákvarðanir sem við tökum snerta framtíðina. Við mótum framtíð okkar með þeim ákvörðunum sem við tökum eða tökum ekki í dag. Það er því bæði rökrétt og eðlilegt að skilja sem best hvernig möguleg framtíð getur litið út – áður en kemur að ákvarðanatöku. Þetta getur í dag-

legu amstri, t.d. í rekstri fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga snúist um það hvort stjórnendur eigi að stækka rekstur eða ráðast í áhættusamar fjárfestingar eða ákvarðanir af öðru tagi,“ segir Sævar Kristinnsson, verkefnastjóri á ráðgjafarsviði KPMG.

Sævar, sem er einn af höfundum bókarinnar Framtíðin – frá óvissu til árangurs og fjallar um notkun sviðsmynda, segir að sviðsmyndaaðferðin sé nýtt af flestum stærstu fyrirtækjum heims og ekki síður af sveitarfélögum og opinberum stofnunum. Hér á landi hefur þessi aðferðafræði verið notuð lengi af viðbragðsaðilum eins og björgunarsveitum, Almannavörnum og slökkviliði til undirbúnings fyrir óvænta atburði.

„Aðferðin hentar afar vel í rekstri fyrirtækja en með því að nýta sviðsmyndir sem grunn að stefnumótun, áætlanagerð eða áhættugreiningu, má koma í veg fyrir að óvæntir hlutir komi mönnum í opna skjöldu.“

Ekki nein kristalskúla

Að sögn Sævars hentar sviðsmyndaaðferðin mjög vel til að stilla saman skoðanir ólíkra hópa og leggja grunn að sameiginlegri stefnumótun. „Að skoða umhverfi dagsins í dag með gleraugum framtíðarinnar auðveldar okkur að koma auga á nýja möguleika og gefur okkur heildstæðari sýn til ákvarðanatöku. Þannig nýtast sviðsmyndir bæði sem undirbúningur við mótun nýrrar stefnu og/eða til að prófa hvort núverandi



Sævar Kristinnsson, verkefnastjóri á ráðgjafarsviði KPMG: „Öll þekking okkar er úr fortíðinni en allar ákvarðanir sem við tökum snerta framtíðina.“

stefna standist mismunandi stöðu sem mögulega gæti komið upp í framtíðinni.“

Sævar bendir á að sviðsmyndaaðferðin sé engin kristalskúla og alls ekki trygging fyrir því að við getum séð fyrir alla óvænta atburði í samfélaginu.

„Hins vegar getum við undirbúið okkur undir mismunandi atburði og þannig skapað betri skilning stjórnenda á því hvernig eigi að bregðast við ógnunum, en ekki síður hvernig hægt sé að nýta tækifæri sem möguleg kunna að koma upp í framtíðinni.“

Þannig er hægt með viðurkenndum aðferðum að greina og leggja mat á mögulegar aðstæður sem geta komið upp fremur en að trú á blindni á eina tiltekna framtíð sem oft er sú sem við viljum eða væntum þess að verði,“ segir Sævar.

Námskeið um fjármál og rekstur

Hægt er að finna ýmis námskeið sem tengjast stofnun, rekstri og fjármálum fyrirtækja. Sem dæmi bjóða Endurmenntun Háskóla Íslands, Opni háskólinn og Nýsköpunarmiðstöð upp á áhugaverð námskeið. Ýmis stéttarfélög bjóða félagsmönnum sínum námsstyrki þegar slík námskeið eru sótt og er vert að athuga slíkt. Hér má sjá dæmi um þrjú námskeið sem eru í boði á þessari önn.

Endurmenntun Háskóla Íslands Grunnatriði fjármála

Á námskeiðinu verður farið yfir grundvallaratriði fjármála út frá hagnýtu sjónarhorni. Námskeiðið er sérstaklega ætlað stjórnendum sem hafa ekki menntun á sviði viðskiptafræði og vilja ná betri tökum á helstu hugtökum og aðferðafræði reksturs og fjármála.

Farið verður yfir einstaka þætti í ársreikningum fyrirtækja, þ.e. efnahagsreikning, rekstrarreikning og yfirlit eiginfjár og sjóðstremmis fyrirtækja ásamt helstu kennitölum.

Gefið verður stutt yfirlit yfir einstaka þætti í samspieli fjármögnunar og fjármálamarkaða og rætt verður um samband áhættu og ávöxtunar. Einnig verður fjallað um verðmat fyrirtækja og hvernig hægt er að meta fjárfestingarkosti innan þeirra. Loks verður farið í grunnatriði í rekstrarhagfræði, sumsé sambandið á milli framboðs og eftirsurnar og áhrif verðbreytinga á ólíkar vörur og markaði.

Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg.

Kennari námskeiðsins er Haukur Skúlason sem hefur starfað á fjármálamarkaði síðan 2005 og er með B.A., B.Sc.- og MBA-gráður. Hann starfar í dag sem verkefna-

stjóri framtaksfjárfestinga hjá Íslandssjóðum, dótturfyrirtæki Íslandsbanka.

Námskeiðið hefst 10. mars
Nánar á www.endurmenntun.is

Opni háskólinn Innsýn í heim fjármálastjórnunar – Fjármál fyrir „ekki fjármálastjóra“

Á námskeiðinu er fjallað um ýmsa þætti rekstrar og fjármála. Námskeiðinu er ætlað að veita innsýn í undirstöðuatriði fjármálastjórnunar og er ætlað stjórnendum sem ekki hafa fjármálabakgrunn, en þurfa starfsins vegna að hafa grunnskilning á stjórnun fjármála.

Á námskeiðinu verður farið yfir:

- Áætlanir og kostnaðargreiningu
- Ársreikninginn
- Lestur ársreiknings og helstu kennitölur
- Fjármögnun og fjárfestingu
- Verðmat fyrirtækja og fjárfestingarkosta

Að námskeiði loknu er gert ráð fyrir að þátttakendur hafi almenna og hagnýta þekkingu á helstu þáttum í stjórnun fjármála.

Kennari námskeiðsins er Hrönn Greipisdóttir, viðskiptafræðingur frá HÍ og MBA frá City University í London. Hrönn starfar sem fjár-



Rekstur og fjármál geta vaxið mörgum í augum. Þá getur verið hjálplegt að skella sér á námskeið sem útskýrir grunnhugmyndirnar.

NORDICPHOTOS/GETTY

festingastjóri hjá Arev verðbréfa-fyrirtæki.

Skráningarfrestur er til 12. febrúar.

Nánar á www.ru.is/opnihaskolinn

Nýsköpunarmiðstöð Stofnun og rekstur smáfyrirtækja

Námskeiðið snýst um þau grund-

vallaratriði sem varða stofnun og rekstur fyrirtækis. M.a. er fjallað um sölu- og markaðsmál, fjárhagsáætlanir, form fyrirtækja og skattamál. Áhersla er lögð á gerð viðskiptaáætlana.

Í byrjun námskeiðsins leggur hver þátttakandi fram sína viðskiptahugmynd sem hann síðan vinnur að meðan á námskeiðinu

stendur. Sú hugmynd getur verið viðskiptahugmynd fyrirtækis sem þegar er stofnað eða ný hugmynd.

Í lokaáfangna námskeiðsins eru gerð drög að viðskiptaáætlun. Þannig kemur í ljós hvort viðskiptahugmyndin sé raunhæf.

Námskeiðið fer fram í lok mars.
Nánar á www.nmi.is



Hefur fyrirtæki þitt prófað hádegisverðinn frá okkur?

Veitingasvið ISS eldar fyrir tugi fyrirtækja á degi hverjum.

5 800 600 | sala@iss | www.iss.is

CATERING SERVICES 

Ef þú gerir betur þá verðum við sátt

Árangur og árangursstjórnun eru viðfangsefni Ráðgjafarfyrirtækisins Expectus.

Expectus skapar virði með viðskiptavinum sínum

Ráðgjafarfyrirtækið Expectus var stofnað fyrir sex árum og hefur náð að vaxa og dafna í skugga fjármálakreppunnar. Í dag vinna 25 starfsmenn hjá fyrirtækinu við ráðgjöf á sviði stefnumótunar, rekstrar og upplýsingatækni. Flestir hafa langa og fjölbreytta reynslu úr atvinnulífínu og hafa tileinkað sér framsæknuustu aðferðir okkar tíma.

„Við sækjum okkur framúrskarandi lausnir hvaðanæva og aðlögunum þær aðíslenskum aðstæðum“ segir Kristinn Tryggvi Gunnarsson, framkvæmdastjóri.

„Slík aðlögun þýðir oftast að gera þarf hlutina hraðar, skilvirkar og ódýrar án þess að tapa gæðum. Smæðin hefur því unnið með okkur hvað þetta varðar og lausnir okkar hafa vakið eftirtekt í erlendum verkefnum þar sem kaupendur hafa samanburð við leiðandi alþjóðleg ráðgjafarfyrirtæki.“

Skýrum stefnu og tryggjum framkvæmd hennar

Ráðgjafar Expectus hafa stýrt á fimmta tug stefnumótunarverkefna, allt frá 15 manna pípulagningafyrirtæki upp í sóknaráætlun fyrir forsætisráðuneytið (Ísland 2020) þar sem haldnir voru 8 fjölmennir þjóðfundir í öllum landslutum.

„Stefnumótunarfræðin hafa þróast mikið frá því ég byrjaði sem stefnumótunarráðgjafi fyrir 12 árum,“ segir Kristinn. „Góð stefnumótunarvinna byrjar á greiningu, rýna þarf í ytri þætti sem hafa áhrif á reksturinn, til dæmis efnahagsmálin, samfélagsbreytingar, lagaumhverfi, stjórnunumhverfi og umhverfismál. Greining á innviðum er mikilvæg og við leggjum sérstaka áherslu á fjárhagslega greiningu þar sem við höfum löggiltan endurskoðanda í hópnum. Hvar og hvernig verða tekjurnar til, hvaða hópar viðskiptavina eru arðsamari en aðrir og hvaða vörur eða þjónusta skila mestri framlegð. Hluti af greiningunni er að draga fram og sammælast um lykilhæfni starfsmanna. Stefnumótandi valkostir eru vegnir og metnir og leiðin valin fram á við.“

Stjórnendur kvarta oft undan því að með utanaðkomandi ráðgjöf við stefnumótun verði til þykkar skýrslur sem einungis safni ryki og raunverulegar breytingar verði litlar.

„Þetta höfum við svo sannarlega upplifað og því tryggjum við aðkomu sem flestra starfsmanna strax í byrjun. Við höfum þá skoð-



Tuttugu og fimm starfsmenn sinna ráðgjöf á sviði stefnumótunar, rekstrar og upplýsingatækni hjá Expectus. Sérstaða hópsins er að flestir hafa langa og fjölbreytta reynslu úr atvinnulífínu og hafa tileinkað sér framsæknuustu aðferðir okkar tíma.



Kristinn Tryggvi Gunnarsson, framkvæmdastjóri Expectus

Hildur Erla Björgvinsdóttir, framkvæmdastjóri Ráðum

un að flestar þær upplýsingar sem við þurfum til að taka stefnumótandi ákvarðanir liggi í fyrirtækjunum sjálfum, kerfum þeirra og starfsfólki. Það þarf að draga fram réttu upplýsingarnar, með þátttöku réttra aðila og setja þær fram á réttan máta. Þannig tryggjum við eignarhald á niðurstöðunum og innleiðingin verður auðveldari.“

„Það sem hefur tryggt rekstrar-skilyrði okkar er sú hugarfarsbreyting sem orðið hefur hjá kaupendum ráðgjafarþjónustu á undanföllum árum. Kaupendur hafa lært að meta hvenær hentar að kaupa aðstoð utan að og hvenær er betra að manna verkefni með föstum starfsmönnum. Þannig færast stöðugt í vöxt að fyrirtæki og stofnanir sækja ráðgjafa í tímabundin átaksverkefni og heyrir til undantekninga ef ekki eru sóttir ráðgjafar til stærri stefnumótunarverkefna. Við horfum bjartsýn til framtíðar.“

Úr gögnum í upplýsingar og yfir í verðmætasköpun

Um helmingur starfsmanna Expectus sinnir ráðgjöf í upplýsingatækni með áherslu á lausnir frá Microsoft en fyrirtækið er eini gullvottaði samstarfsaðili Microsoft á sviði viðskiptagreiðar (Business Intelligence) hér á landi. Nýlega stofnaði fyrirtækið hóp sem sérhæfir sig í Sharepoint lausnum til að bæta hópavinnu, skilvirkni ferla og upplýsingaflæði, en þar er stefnan einnig sett á gull vottun.

„Það hefur orðið bylting í umbreytingu gagna yfir í upplýsingar með tilkomu nýrra lausna frá Microsoft. Fleiri stjórnendur fá nú réttar upplýsingar á réttum tíma með minni tilkostnaði en áður, þetta gerir fyrirtækinu kleift að bregðast hraðar við nýjum áskorunum og skapa þannig auknið virði.“

Duttum í hugbúnaðarpottinn

„Það má segja að við höfum fyrir tilviljun dottið í lukkupott hugbúnaðargerðar. Einn af viðskiptavinum okkar, með starfsemi í 53 löndum, var í stöðugum vandræðum með gæði gagna sem flæddu á milli tölvukerfa. Alltaf var opið einhvers staðar í heiminum og eftir að hafa vakað ófáa sólarhringa við að halda gagnaflæðinu gangandi fól hann okkur

að skrifa hugbúnað til að vakta gagnaflæðið í rauntíma. Úr varð kerfið exMon (Expectus Continuous Monitoring) sem nú er í notkun hjá 30 íslenskum fyrirtækjum um allan heim. Við bindum miklar vonir við útflutning á kerfinu því kaup á slíkum kerfum hafa hingað til aðeins verið á færi stærstu fyrirtækja. Það að við höfum þurft að laga okkur að örmarkaði verður vonandi grunnur að samkeppnisforski á heimsmarkaði.“

Ráðum atvinnustofa bætist í hópinn í fyrra

„Þegar leiðir okkar Hildur Erlu Björgvinsdóttur hjá Ráðum atvinnustofu lágu saman í einu stefnumótunarverkefninu, sáum við kjörið tækifæri til að uppfylla þarfir viðskiptavina okkar um stjórnenda – og sérfræðingaleit,“ segir Kristinn Tryggvi.

„Hjá Ráðum er mikil sérfræðipækning í öflun og vali á starfsfólki og endurspeglast það í faglegum vinnubrögðum. Til að mynda notar Ráðum margar matsaðferðir við val á starfsfólki og hámarkar líkurnar á að rétti kandidatinn sé valinn í starfið.“

Skapa einstakan vinnustað

Expectus er í eigu starfsmanna

og á heimasíðunni er framtíðarsýninni lýst þannig

„Við verðum þekkt alþjóðlega sem fyrirmynd annarra þekkingarfyrirtækja fyrir að skila viðskiptavinum okkar framúrskarandi árangri og óviðjafnalegu virði, tæknilega leiðandi á okkar sviði og stjórnunarleg fyrirmynd meðal jafningja. Við tökum okkar eigin meðöl,“ segir Kristinn Tryggvi brosandí.

„Við notum gildin okkar, kraft, heiðarleika og samvinnu til að móta fyrirtækjamennunguna. Allur rekstur er opin og gagnsær og almenna reglan er að umbun starfsmanna er í réttu hlutfalli við þau verðmæti sem þeir skapa. Hjá okkur er því hin fullkomna jafnlaunastefna og til grundvallar er ítarlegt frammistöðumat, bæði hlutlægt og huglægt þar sem frammistaða starfsmanna er reglulega metin út frá 15 hæfnisþáttum. Allir eru árangurs tengdir.“

Slík umbunarkerfi eru ekki óumdeild og henta ekki allri starfsemi, eða hvað?

„Það er hárétt“ segir Kristinn. „En við erum sannfærð um að slíkt kerfi hjálpar okkur að laða til okkar besta og hæfileikaríkasta fólkið en á því byggjum við framtíðina.“



Aukinn árangur íslensks atvinnulífs

„Við förum á fætur til að aðstoða fólk og fyrirtæki við að bæta frammistöðu með skemmtilegu og áhrifaríku umbreytingarferli.“

Pjálfarar FranklinCovey eru með víðtæka reynslu úr íslensku atvinnulífi og hafa náð einstökum árangri með viðskiptavinum hér heima og erlendis. „Við erum þekktust fyrir vinnu okkar með 7 Habits og 5 Choices lausnirnar en vinna okkar með innleiðingu stefnu, verkefnastjórnun, sölustjórnun og leiðtogaþjálfun er mjög vaxandi þáttur í starfi okkar,“ segir Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri og meðeigandi FranklinCovey á Íslandi og Norðurlöndunum. „Okkur er annað um að auka árangur viðskiptavina okkar með gjöfufu langtímasamstarfi.“

Minni framleiðni hér á landi

Guðrún segir íslenskt viðskiptalíf standa frammi fyrir stórum áskorunum því rannsóknir sýna að hér á landi ná vinnustaðir minni árangri en sambærilegir vinnustaðir erlendis og starfsmenn vinni undir miklu álagi og fjölbreyttri ábyrgð. „Þegar horft er til framleiðni á

Norðurlöndunum kemur í ljós að Íslendingar vinna mun lengri vinnuviku en til dæmis Norðmenn. Við vinnum um 1.900 vinnustundir að meðaltali á ári á meðan Norðmenn vinna bara um 1.400 tíma á ári. Á sama tíma ná Norðmenn hins vegar að skapa meiri verðmæti en við.“

Betra skipulag og meiri agi

Ástæðuna fyrir minni framleiðni telur Guðrún vera eitthvað sem markvisst sé hægt að breyta. „Þegar horft er á þessar ólíku tölur um framleiðni eru það oftast þættir sem snúa að skipulagi, aga og forgangsverkefnum starfsmanna sem munur er á frekar en á þáttum sem tengjast stærð markaðarins eða legu landsins. Við aðstoðum vinnustaði við að auka framleiðni og ánægju starfsmanna með ferli sem heitir 5 Choices. Vinnustofan sameinar klassískar kenningar um árangursstjórnun og nýjustu rannsóknir á sviði taugavísinda sem hjálpa fólk að stjórna

betur ákvörðunum sínum, tíma, athygli og orku. Þannig nær það að einbeita sér að mikilvægustu verkefnum, halda einbeitingu og hámarka afköst og árangur í bæði einkalífi og starfi. Bókin kom út um áramótin og fór beint í fjórða sæti Wall Street Journal-metsölulistsans.

Meiri tími í það sem skiptir máli

Árangur er alltaf mældur fyrir og eftir þátttöku á vinnustofum FranklinCovey. „Rannsóknir okkar á íslenskum fyrirtækjum hafa meðal annars leitt í ljós að eftir vinnustofur nær fólk að verja um þrjátíu prósent meiri tíma í þau verkefni sem skipta mestu máli og skila árangri. Þá er unnið með agaðri hætti í stað þess að bregðast stöðugt við öllum áreitum og reyna að hlaupa hraðar. Við kennum fólk hvernig það getur náð betri tókum á sínum verkefnum, skipulagt sig betur og unnið með beittari og skemmtilegri hætti og þannig náð sínum markmiðum, og haft



Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri og meðeigandi FranklinCovey á Íslandi og Norðurlöndunum.

nægan tíma og orku í önnur lífsins verkefni.“

Þegar horft er til þess hvernig fyrirtæki geti haldið samkeppnisforskoti segir Guðrún það sem aðgreini fyrirtækin ekki vera hvað þau geri heldur hvernig þau geri

hlutina. „Það skiptir mestu máli hvernig menningu starfsfólkið skapar. Þar komum við til sögu, FranklinCovey vinnur að því að umbreyta menningu vinnustaða þannig að hún tryggir stöðugan árangur.“

Hafa afgerandi áhrif á líf og starf einstaklinga

FranklinCovey er leiðandi alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í árangri einstaklinga, vinnustaða, og liðsheilda með þjálfun, ráðgjöf og rannsóknunum. Hlutverk fyrirtækisins er að auka árangur fólks og fyrirtækja um allan heim. „Sýn okkar er að hafa afgerandi áhrif á hvernig fólk um allan heim lifir, vinnur og nær sínum mikilvægustu markmiðum,“ segir Sif Sigfúsdóttir, viðskiptastjóri FranklinCovey á Íslandi.



Sif Sigfúsdóttir, viðskiptastjóri FranklinCovey á Íslandi.

FranklinCovey er með þjónustu í 149 löndum og er skráð í Kauphöllina í New York. „Námskeiðin okkar hafa hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga, meðal annars frá Training Industry. Fleiri en tólf milljónir manna hafa sótt 7 Habits-námskeiðin okkar síðastliðin tíu ár. Níutíu prósent af Fortune100-fyrirtækjunum hafa verið viðskiptavinir FranklinCovey og 75 prósent af fyrirtækjum á Fortune500-listanum auk fjölda opinberra skóla og stofnana. Þessar tölur tala sínu máli um gæði þeirrar þjónustu sem við bjóðum upp á. Hér heima vinnum við með framsæknum íslenskum vinnustöðum, meðal annars í sjávarútvegi, fjármálastarfssemi, framleiðslu, opinberri þjónustu, lyfjageiranum, flutningaþjónustu, ferðaþjónustu, skólum og víðar,“ útskýrir Sif.

Hún bætir við að sérhæfing þeirra hjá FranklinCovey liggir á sjö línunum. „Það er forysta, framkvæmd, framleiðni, traust, sala, verkefnastjórnun og menntun.“ Sif útskýrir hvern þátt fyrir sig nánar: „Varðandi forystuhlutann, þá þróum við árangursríka stjórnendur og leiðtoga sem virkja fólk, ferli og framtíðarsýn til framúrskarandi árangurs. Við gerum vinnustöðum kleift að hrinda í framkvæmd stefnu og snúa orðum í athafnir. Á sviði framleiðni, þá leiðbeinum við fólk við að stjórna ákvörðunum sínum, athygli og orku til að uppskera í lífi og starfi. Við byggjum vinnustaðamenningu á grunni trausts, samstarfs og helgunar sem leiðir af sér aukin afköst og minni kostnað. Við umbreytum sambandi seljenda og kaupenda með kerfisbundinni nálgun og því hugarfari að hjálpa viðskiptavinum að skara fram úr. Verkefnastjórnunin lýtur að því að við virkjum framlag allra með hagnýtri nálgun við stjórnun fólks, ferla og árangursríkra verkefna og að lokum er það svo menntunarþátturinn en við aðstoðum skóla til bættrar frammistöðu með því að leysa úr læðingi einstakt framlag allra nemenda og kennara. Vaxandi þáttur í starfi okkar er að votta innri þjálfara íslenskra vinnustaða, sem sjá um þjálfun starfsmanna og stuðning við árangur með lausnum FranklinCovey.“

7 venjur til árangurs

Heildrænt kerfi 7 venja til árangurs hjálpar einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að ná meiri árangri í lífi og starfi og byggir á mest seldu stjórnunarbók allra tíma: 7 Habits of Highly Effective People, eftir Stephen Covey.

María Ellingsen, leikkona og leikstjóri, er vottaður þjálfari frá FranklinCovey í 7 Habits og 5 Choices. Hún er með margra ára reynslu sem stjórnendabjálfi og fyrirlsari og hefur unnið með námsefni FranklinCovey síðan 2007. „7 venjur eru verkefni til að beisla hugmyndir og gera þær að raunveruleika. Þær hafa breytt miklu fyrir mig sem listamann og hjálpað mér að ná árangri og mér finnst mjög gaman að miðla þeim til annarra,“ segir María.

Í vinnusmiðju um 7 venjur lærir fólk aðferðir til að taka frumkvæði, skilgreina gildi sín og hlutverk og móta sér stefnu. Einnig að nota tímann og orkuna markvisst og búa til jafnvægi sem gerir það að verkum að það endurnýjar sig stöðugt en brennur ekki út. „Þegar þessi grunnur er kominn bætast við leiðir til bættrar samvinnu við aðra með því að læra skilningsríka hlustun og endurgjöf. Með þetta veganesti verður fólk hæfara til að ná árangri í starfi og ná fram mikilvægustu markmiðum fyrirtækis síns. Það bætist svo við að námsefnið er sett fram á lifandi og skemmtilegan hátt, með myndböndum og ótal verkefnum sem þátttakendur leysa einir sér eða saman.“

Elín María Björnsdóttir er Education-leiðtogi FranklinCovey á EMEA-svæðinu og leiðbeinir skólustjórnendum við að virkja börn og efla skólustarf með „The Leader in Me“ hugmyndafræði 7 Habits. Í starfi sínu ferðast hún um allan heim við að þjálfva skólustjórnendur og innleiða venjurnar 7 í skólanámskrá. Hún vinnur með nokkrum skólum hér á landi. „Það eru forrættindi að vinna með jafn öflugum hópum að jafn metnaðarfullum og mikilvægum þáttum í okkar samfélagi,“ segir hún.



Elín María Björnsdóttir, Education-leiðtogi FranklinCovey á EMEA-svæðinu, og María Ellingsen, vottaður þjálfari frá FranklinCovey í 7 Habits og 5 Choices.



Ragnar Guðgeirsson er einn af vottuðum þjálfurum FranklinCovey í 4DX-aðferðafræðinni.

FARSÆL INNLEIÐING STEFNU MEÐ 4DX





„Við hjá Expectus höfum unnið með ýmis verkfæri til að aðstoða fyrirtæki og stofnanir við stefnumótun og innleiðingu stefnu,“ segir Ragnar Guðgeirsson ráðgjafi, sem er einn af vottuðum þjálfurum félagsins í 4DX-aðferðafræði FranklinCovey. „Það sem reynst hefur erfiðast er að ná að tryggja þátttöku starfsfólks í innleiðingu stefnunnar. Stefnunótun er fag sem kennt er í skólum en þjálfun í innleiðingu stefnu hefur vantað í skólakerfið.“

4 Disciplines of Execution byggir á markvissri þjálfun ásamt sex mánaða stuðningsferli þar sem stjórnendur og starfsfólk taka aðferðafræðina og flétta hana inn í starfsemi vinnustaðarinnar. Í grundvallaratriðum gengur innleiðing stefnu út á þrenns konar breytingar:

- Pennastrik (aðgerðir sem kalla á ákvarðanir eða verkefni sem unnin eru einu sinni).
- Aðlögun á daglegum rekstri (það sem við höfum verið að gera og mæla og ætlum okkur að halda áfram með á sömu braut eða bæta).

- Hegðunarbreytingar (það sem kallar á að við förum út fyrir þægindahringinn og breytum okkar daglegu hegðun).

„4DX er aðferðin sem snýr að síðasta þættinum af þessum þremur. Með öðrum orðum til að ná árangri sem við höfum aldrei áður náð, þurfum við að fara að gera hluti sem við höfum aldrei gert áður. Aðferðin gengur jafnframt út á að taka einn þátt stefnunnar fyrir í einu og ná settu marki, síðan er næsti þáttur tekinn fyrir og innleiðingu haldið áfram. Með þessu eru stjórnendur þjálfaðir í að virkja starfsfólkið með sér til að ná árangri sem hópur.“



Franklin Covey, Laugavegi 178, 105 Reykjavík. sími 775-7077.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Löggitur rafverktaki
www.raflagnir.is

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Önnur þjónusta

FATABREYTINGAR

ÁRNI GÆRDBO KLÆÐSKERI

Allar fatabreytingar og viðgerðir.

Skiptum um rennilása.

Fljót og góð þjónusta.

Opið alla virka daga frá kl. 10-12 & 13-16.

Geymið auglýsinguna.
Skraddarinn á Horninu,
Skúlagata 26

Sími 861 4380.

Hreinsa þakrennur og tek að mér ýmis verkfæri. S. 847 8704 & manninn@hotmail.com

Spádómar

PÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIDILL

-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÜLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGIÖR TRÚNAÐUR

Sími 618 3525
www.engill.is

Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalláula með leiðsögn að handan

562 8211

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

KEYPT & SELT

Til sölu

Flokkunartunnur í úrvali

gamur@gamur.is
577 5757

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ



Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

Sjónvarp

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.

SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnslæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Mimos nuddstofa er með herbergi til leigu fyrir nuddara, snyrtifræðing eða aðra tengda starfsemi að Suðurlandsbraut 16. Flott og góð aðstaða. Nánari upplis. í s.7818709 eða á mimosnudd@gmail.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU, NÝBÝLAVEGI OG AUÐBREKKU (GÖMLU TOYOTAHÚSUNUM)

150 - 300 fm m / innkeyrsludryrum, 150 -300 fm fm undir verslun eða léttan iðnað, 200 - 400 fm fyrir heildverslun eða léttan iðnað. Greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskisöld í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktad. S: 564-6500.

WWW.BUSLÖDAGEYMSLA.IS

Búslöðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert breytt. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLULAUSNIR.IS

Búslöðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

ATVINNA

Atvinna í boði



VEITINGAHÚSIÐ ÍTALÍA - RESTAURANT ÍTALÍA

Óskar eftir að ráða kokk með reynslu af ítalskri matargerð til starfa, einnig óskum við eftir vönum aðstoðarmanni í eldhúsi. Um er að ræða 11-11 vaktir. Upplýsingar aðeins veittar á staðnum á milli 14:00 og 17:00 næstu daga.

is looking for a cook experienced with italian taste. We are also looking for a assistant cook. Information only at the restaurant from 14:00 - 17:00 next days.

MÖTUNEYTI 365 ÓSKAR EFTIR STARFSKRAFTI

Parf að geta hafid störf sem fyrst.

Við leitum eftir:
-Brosildi
-Jákvæðni
-Góðri þjónustulund
-Reynsla af veitingastörfum er kostur.

Vinnutími 09-20 2-2-3 vaktir
Uppl. sendist á thjonusta@365.is merkt „mötuneyti“

Starfsfólk óskast í þrif hjá ferðaþjónustu á Suðurlandi. Einnig vantar mann í gríðingarvinnu og ýmiss önnur störf. www.horgsland.is Uppl. í s. 894 9249

AUKAVINNA

Starfsfólk óskast á kvöld og helgarvaktir í sjoppu í 101 RVK. Uppl. sendist á: atvinna234@gmail.com

Láttu ekki okra á þér. Fáðu betra verð á Nissan Leaf Nordic hjá Islandus

Rafbíllinn Ókeypis

Láttu bensínsparnaðinn borga rafbíllinn!

Rafbíll er um 90% ódýrari í rekstri en bensín eða díselbíll. Sumir viðskiptavinna islandus.is spara svo mikið að þegar upp er staðið kostar rafbíllinn ekkert. Sparnaður stendur að fullu undir afborgunum.

Eigum eftirfarandi bíla heimkomna til afgreiðslu strax:



2013 Nissan Leaf SV Kr. 3.595.000 vel búinn bíll á álfelgum með hraðhleðsluportu eins og nýr ekinn 8700m

2013 Nissan Leaf SL Kr. 3.795.000 Flottasta týpan af Nissan Leaf, leðurinnrétting, hraðhleðsla. Ekinn 5290m

2012 Nissan Leaf SL Kr. 3.495.000 Vel með farinn notaður. Vetrar+Sumardekk. Íslensk Ábyrgð. Ekinn 16þ.km.

Fyrstur kemur fyrstur fær. Skráðu þig hér: www.islandus.is/bilaleit

“Þjónustan var frábær og bíllinn alveg meiriháttar”



Friðrik Kjartansson
Egilsstöðum

Sparaðu 2 milljónir! - 100% fjármögnun og Íslensk ábyrgð í boði.



islandus.is

www.islandus.is — facebook.com/islandusbilar — Sími: 552 2000



MELABÚÐIN

Óskum eftir þjónustulundum og samvissusömum starfsmanni til starfa við innkaup, áfyllingu og afgreiðslu. Um er að ræða heilsdagsstarf eða hlutastarf hálfan daginn. Íslenska nauðsynleg. Upplýsingar gefur verslunarstjóri á staðnum eða í síma.

Melabúðin, Hagamel 39 s: 551-0224 melabudin@thinverslun.is

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynisögur
905-2002 • 535-9930
Símadómur • Livespjall
908-6000 • 535-9999

tilkynningar



Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018

Breytt landnotkun á Patreksfirði og Bíldudal

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 27. nóvember 2014 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vesturbyggðar samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin er í tvemur liðum. Í fyrsta lagi er lagt til að hluti opins svæðis til sérstakra nota, Ú9, á Bíldudal verði breytt í íbúðarsvæði og í öðru lagi að verslunar- og þjónustusvæði, V4 á Patreksfirði verði stækkað til suðausturs úr 0,13 ha í 0,34 ha. Kynning á breytingunni fór fram 22. desember 2014 á opnu húsi á skrifstofu tæknideildar Vesturbyggðar.

Deiliskipulagstillaga - íbúðarsvæði við Lönguhlíð.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 21. janúar 2015 að auglýsa deiliskipulagstillögu um íbúðarsvæði við Lönguhlíð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/.

Hér er um að ræða deiliskipulag á um 0,7 ha svæðið við Lönguhlíð í Bíldudal. Í gildandi aðalskipulagi fyrir Vesturbyggð 2006-2018 er svæðið skilgreint sem íbúðarsvæði.

Megin markmið deiliskipulagsins eru eftirfarandi:

- Að fjölga íbúðalóðum við núverandi götu innan byggðarinnar
- Að styrkja og þétta núverandi íbúðabyggð
- Að bjóða upp á mismunandi sérþýlishúsaloðir sem taka mið að þörfum bæjarbúa varðandi stærðir og húsagerðir.
- Að koma fyrir öruggum gönguleiðum í gegnum hverfið sem tengjast nærliggjandi byggð, þjónustu og útivistarsvæðum.

Breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi verða til sýnis á skrifstofu tæknideildar Vesturbyggðar að Aðalstræti 75 frá og með mánudeginum 26. Janúar 2015 til 9. mars 2015 og breyting á aðalskipulagi einnig hjá Skipulagsstofnun á Laugavegi 166 í Reykjavík. Tillögurnar eru einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til **9. mars 2015**. Skila skal athugasemdir á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði

Virðingarfyllst,
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar



Endurupptaka á mati á umhverfis-áhrifum Vestfjarðavegar

Skipulagsstofnun hefur til meðferðar beiðni Vegagerðarinnar um endurupptöku á hluta úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 28. febrúar 2006 um mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar um Reykhólahrepp á grundvelli 24. gr. stjórnslulaga auk ólögfesta heimilda um endurupptöku. Málið varðar leið B um Teigsskóg.

Nálgast má gögn vegna málsins á vefsíðum Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar.

Almenningi er gefinn kostur á að kynna sér málið og koma athugasemdir á framfæri til og með 23. febrúar 2015. Þær þurfa að berast bréflaga til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á netfangið skipulagsstofnun@skipulagsstofnun.is



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og tillaga að deiliskipulagi, vegna athafnasvæðis við Vogavík.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og deiliskipulag samkvæmt 41. gr. sömu laga.

Breyting á aðalskipulagi felst í eftirfarandi:

Mörk athafnasvæðis A-3 breytast og stækkar athafnasvæðið úr 11,0 ha í 13,0. Athafnasvæðið stækkar til norðausturs, norður fyrir aðkomuveg að svæðinu, inn á svæði sem er innan lóðar fiskeldisfyrirtækisins Stofnfisks sem er með starfsemi sína á svæðinu. Stækkun til norðurs er um 4,0 ha inn á svæði sem fyrir breytingu er skilgreint sem óbyggt svæði. Sú breyting er einnig gerð á mörkum athafnasvæðis að ekki verður lengur gert ráð fyrir athafnasvæði meðfram ströndinni vestan við skilgreindan göngustíg í aðalskipulagi. Umrætt svæði er innan lóðar Stofnfisks en ekki gert ráð fyrir að fyrirtækið verði með starfsemi sína vestan göngustígsins og því verður svæðið skilgreint sem óbyggt svæði. Stærð þess svæðis sem breytist úr athafnasvæði í óbyggt svæði er um 2,0 ha. Samhliða breyttri landnotkun er mörkun hverfisverndarsvæðis H-1 einnig breytt við Vogavík. Hverfisvernd (H-1) er aflétt af því 4,0 ha svæði sem verður skilgreint sem athafnasvæði innan lóðar Stofnfisks, norðan aðkomuvegar, en hverfisvernd (H-1) verður skilgreind á því 2,0 ha svæði meðfram ströndinni sem breytist úr athafnasvæði í óbyggt svæði. Þá er legu göngustígs, sem gert er ráð fyrir á núverandi mörkum athafnasvæðis A-3 og hverfisverndarsvæðis H-1 breytt og mun stígurinn eftir breytingu liggja norðan stækkaðs athafnasvæðis. Áfram er gert ráð fyrir göngustíg meðfram ströndinni.

Deiliskipulag, afmörkun og stærð:

Svæðið sem deiliskipulagið nær til afmarkast af lóðamörkum lóða Stofnfisks innan athafnasvæðis A-3 og nær það út í sjó. Skipulagssvæðið er alls um 17 ha. að flatarmáli.

Tillögurnar eru settar fram á uppráttum og greinargerð og vísast til þeirra um nánari upplýsingar.

Með tillögu að breytingu á aðalskipulagi er birt bréf Skipulagsstofnunar vegna athugasemdar Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja varðandi vatnsból sveitarfélagsins.

Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, lóndal 2, 190 Vogar frá og með mánudeginum 26. janúar 2015 til og með mánudagsins 9. mars 2015 og hjá Skipulagsstofnun á Laugavegi 166 í Reykjavík. Tillögurnar eru einnig aðgengilegar á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Skila skal skriflegum athugasemdir til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, lóndal 2, 190 Vogar eigi síðar en mánudaginn **9. mars 2015**.

Vogum, 26. janúar 2015.
F.h. bæjarstjórnar,
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri

Minna að fletta meira að fréttu

visir.is

BESTI FRÉTTA- OG AÐFREYINGARVEFURINN

Úr umsögn dómnefndar: „Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals fréttu. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“



Vissir þú að...

börn eiga rétt á nægum svetni

til sölu

Alltaf loyn á svölunum

Með vandaðri glerlokun verða svalirnar þínar að sannkölluðum sælureit

Skelin er söluaðili svalarlökunarkerfa frá þýska fyrirtækinu Solarlux GmbH.

Allar póstalausar svalalokanir frá Solarlux eru gæðavottaðar. Þær eru gerðar úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófil. Frágangur er sérlega vandaður og snyrtilegur.

Eftir breytinguna getur þú notið útveru í skjóli á svölunum allan ársins hring.



Höfðabakki 9,
110 Reykjavík
Sími 578 6300
skelinehf@skelinehf.is
www.skelinehf.is



Vandaðir álsólskálar og glerhýsi





F4 | KL. 20:25

Dulda Ísland

Vandaðir þættir í umsjón Jóns Óttars Ragnarssonar sem fer með okkur í ævintýraleiðangur um Ísland.

Fjölbreytt mánudagskvöld

F4 | KL. 19:40

Mike And Molley

Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.



F4 | KL. 22:00

Looking


Frábær þáttaröð frá HBO sem fjallar um þrjá samkynhneigða vini og baráttu þeirra í hinu daglega lífi.



F4 | KL. 20:25

Phil Spector

Mynd byggð á sönnunum atburðum, um samband Phil Spector og Linda Kenny Baden með Al Pacino og Helen Mirren í aðalhlutverkum.



3 | KL. 23:00

Southland

Fimmta þáttaröðin af þessum stórgóðu þáttum um líf og störf lögreglu-sérveitarinnar í Los Angeles.



G | KL. 21:05

Boardwalk Empire

Fimmta og jafnframt síðasta þáttaröðin af Boardwalk Empire með Steve Buscemi í aðalhlutverki.



Krakka söðin | KL. 07:00 - 20:00

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



SUDOKU

LÉTT

4	9	5				7	3
1			4			2	9
7							
	1	8	9		6		2
6		4	3		1		
	5		7				6
9				8			
5	2			6	9		
	6		2	9			1

LÉTT

MIDLUNGS

	4	9	6				8
	8		1			9	
	6			8			7 2
4					5	2	8
				9	3	6	
3	7		2				1
					8		
9	1			6			4
2	3		4				9

MIDLUNGS

PUNG

	1			3	6			9
			2					
9					8			
		9	3				4	6
2	4						3	1
	7	6	8	4				2
							5	4
					9	7	8	
9			7		2			

PUNG

8	6	5	1	3	4	2	9	7
7	9	3	6	8	2	1	5	4
1	2	4	5	7	9	6	3	8
6	3	2	8	1	7	9	4	5
9	5	1	4	6	3	8	7	2
4	8	7	2	9	5	3	6	1
2	4	6	3	5	8	7	1	9
3	7	8	9	4	1	5	2	6
5	1	9	7	2	6	4	8	3

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Eitt af því sem bindur okkur saman sem fjölskyldu er sameiginlegur húmor.“

Ralph Fiennes.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Friðrik Ólafsson á áttæðisafmæli í dag. Hann á skák dagsins sem tefld var við Spánverjann Orestes Rodriguez í Las Palmas 1978.

Svartur á leik



25....Df3! 26.Hg1 (26.gxh4 Dxh4+ ásamt 27....Hd3 er vonlaust á hvítan) 26....Dg2+!! og hvítur gafst upp enda mátt eftir 27.Hxg2 Rf3+ 28.Kh1 Hd1+. Skákdagurinn er haldinn hátíðlegur í dag um land allt. www.skak.is Skákdagur Íslands.

KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. sæti, 6. klukka, 8. hvers vegna, 9. lúsaegg, 11. sprikli, 12. íshroði, 14. blaðlaurur, 16. hvað, 17. lík, 18. hylli, 20. tveir eins, 21. málmur.

LÓÐRÉTT
1. mánuður, 3. eftir hádegi, 4. launráð, 5. löng, 7. skrapast, 10. hyggja, 13. sprækur, 15. ögn, 16. rámur, 19. nesoddi.

LAUSN
11. í, 12. ísrek, 14. þurrur, 16. ha, 17. í, 18. ást, 20. öð, 21. stál.
15. RÍSPAST: 1. Júlí, 3. eh, 4. svíkiráð, 5. síð, 7. trjú, 10. trjú, 13. ern, 15. arða, 19. há, 21. tá.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

MAX ÚTSALA

ALLAR VÖRUR
Á LÁGMAX
VERÐI!

max.is

MAX ÚTSALAN ER Á FULLU!

Stærri en nokkru sinni fyrr
með lægri VSK og fullt af
vörum nú án vörugjalda!

Sjá allt úrvalið
á max.is

MAX
RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA



TÓNLISTARKONUR Póra Einarsdóttir söngkona og Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari koma fram á tónleikunum ásamt fleirum.

Alltaf nýtt og nýtt efni

Árlegir Mozart-tónleikar verða á Kjarvalsstöðum á morgun, fæðingardegi tónskáldsins. Borgin býður.

„Þrátt fyrir að ævi Mozarts væri stutt er höfundarverk hans svo stórt að það er nær ótæmandi sjóður. Því getum við alltaf flutt nýtt og nýtt efni fyrir kammer-sveit á þessum afmælistónleikum,“ segir Laufey Sigurðardóttir, umsjónarmaður tónleika sem haldnir verða á Kjarvalsstöðum á morgun í boði Reykjavíkurborgar. Hefð er komin á slíkan viðburð á fæðingardegi tónskáldsins.

Á efnisskránni eru tvær sönötur fyrir píanó og fiðlu, sönglög og endað á Exultate Jubilate.

Flytjendur eru þau Póra Einarisdóttir sópran, Björn Jónsson tenór, Laufey Sigurðardóttir á fiðlu og Aladár Rácz á píanó. Atli Heimir Sveinsson tónskáld fjallar um Mozart og tónlistina sem flutt verður.

Tónleikarnir hefjast klukkan 18 á morgun og aðgangur er ókeypis.

-gun

Fortíðin er eina heimalandið

BÆKUR ★★★★★

Hinn litlausi Tsukuru Tazaki og pílgrímsár hans

Haruki Murakami

ÞÝÐING: INGUNN SNÆDAL BJARTUR

Hinn japanski Haruki Murakami er einn vinsælasti höfundur veraldar og bækur hans seljast í milljóna upplögum víða um heim. Árlega poppar nafn hans upp í umræðunni um Nóbelsverðlaun í bókmenntum en enn sem komið er hefur hann þó ekki hlotið náð fyrir augum sænsku akademíunnar.

Hinn litlausi Tsukuru Tazaki og pílgrímsár hans er fimmta bók Murakamis sem kemur út hjá Bjarti og sver sig í ætt fyrri bókanna þótt hér sé á ferð mun þroskaðri höfundur en í Spútnik-ástinni til dæmis. Sagan hverfist um þann örlagaatburð í lífi Tsukuru Tazaki, ungs verkfræðings sem vinnur við að byggja lestarstöðvar, þegar honum er útskýfað úr fimm manna vinnuhópi stuttu eftir að hann hefur nám í háskóla. Vinirnir fimm, þrjár strákar og tvær stelpur, hafa verið óhemju nánir öll menntaskólaárin og útskýfun Tsukuru kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti enda fær hann engar skýringar á hvað veldur. Hann gælir við hugsanir um dauðann um hríð, en réttir smám saman úr kútnum og er á sögutíma bókarnar orðinn 36 ára pípar Sveinn, nokkuð farsæll í starfi og ágætlega settur í lífinu almennt. Hann hefur lokað á sársaukann sem höfnuninni fylgdi en fyrir tilstilli nýrar kærustu gengur hann í að hafa upp á gömlu vinunum og grafast fyrir um ástæðurnar með nokkuð óvæntri útkomu. Var hann kannski ekki eins saklaust fórnarlamb og hann hafði alltaf haldið?

Eins og svo oft áður er texti Murakamis tilbrigði við ákveðna

tónlist sem í þessu tilviki er svítan Pílagrímsárin eftir Franz Liszt, einkum verkið Le mal du pays, heiti sem Murakami segir að skilgreina megi sem „ástæðulausa depurð sem sveitalandslag kallar fram í hjarta einstaklings“ (bls. 50). Þetta verk verður táknrænt fyrir þrá Tsukurus eftir því eina heimalandi sem honum finnst hann hafa átt; vináttunni sem glataðist.

